

Hildur Hafstað
Haukur P. Arnþórsson

Skýrsla um aðbúnað í æðri skólum
við upphaf 20. aldar

Lokaverkefni til B.Ed. prófs
við Kennaraháskóla Íslands 1985

Efnisafmörkun.

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er að fjalla um aðbúnað í nokkrum framhaldsskólum við upphaf 20. aldarinnar. Við völdum að skoða Lærða skólann í Reykjavík, gagnfræðaskólana og alla búnaðarskóla og kvennaskóla sem störfuðu á þeim árum. Um er að ræða Alþýðu- og Gagnfræðaskólann í Flensborg, Gagnfræðaskólann á Möðruvöllum og síðar á Akureyri, Búnaðarskólann á Eiðum, Hólum, Hvanneyri og í Ólafsdal og Kvennaskólann í Reykjavík, Laugalandi og að Ytri-Ey, síðar á Blönduósi. Þessir skólar eiga það sameiginlegt að þeir veittu almenna menntun á framhaldsskólastigi og völdum við að takmarka okkar viðfangsefni við það.

Við afmörkun í tíma miðum við skýrslur okkar við árin 1887 til 1907. Við förum reyndar svolítið frjáltslega með fremri tímamörkin og miðum þá við upphafsár skólanna, en þeir voru allir stofnaðir á árunum 1874 til 1889, nema Lærði skólinn. Ekki gátum við alveg haldið okkur við síðari tímamörkin hvað varðar alla skólanna, vegna skorts á heimildum.

Þessi tímasetning á sér réttlætingu í því að við upphaf þessarar aldar urðu miklar breytingar á skólamálum. Nýjir skólar voru stofnaðir, öðrum var breytt og ný lög og reglugerðir gengu í gildi, - sem miðuðu að samræmingu í fræðslumálunum og nýrri skipan skólamála yfirleitt. Reynslan af starfi þeirra skóla sem hér er fjallað um varð sú hefð sem byggt var á, fyrstu ár aldarinnar.

Í aðbúnaði skólanna skoðuðum við eftirfarandi þætti:

- markmið og inntökuskilyrði,
- lengd námstíma og skipulag,
- námsgreinar,

- námsbækur,
- kennslutæki,
- bókasöfn og
- húsakost.

Heimilda hefur fyrst og fremst verið leitað í ársskýrslum skólanna. Einnig kynntum við okkur þær reglugerðir sem skólarnir störfuðu eftir. Við kynntum okkur allmikið af bókum um sögu skólanna og um sögu og skólamál almennt, og vísast til heimildaskrár í því sambandi. Við höfum einnig lesið greinar og bækur með endurminningum nemenda þessara skóla fyrir það tímabil sem hér um ræðir. Mjög seinlega gekk að afla þessara upplýsinga og vafalítið eru ekki öll kurl komin til grafar enn í þessu máli. Við teljum okkur þó hafa náð til flestra heimilda um málefnið í Landsbókasafni og Háskólabókasafni og þeirra sem aðgengileg eru í Þjóðskjalasafni. Við leitum einnig heimilda með viðtölum við sérfróða menn.

Úrvinnsla efnisins er með eftirfarandi hætti:
Annars vegar höfum við dregið saman allýtarlegar skýrslur um áðurnefnda þætti aðbúnaðar hjá skólunum 10. Þessar skýrslur eru hluti af ritgerð okkar og er skýrslugerðin raunar viðamesti hluti verkefnisins. Hins vegar höfum við, í samfelldu máli ritgerðarinnar, takmarkað okkur við mjög þrönga úrvinnslu þessara skýrslna. Þannig höfum við reynt að draga saman heildarmynd af áðurnefndum þáttum í aðbúnaði skólanna. Einnig höfum við reynt að bera þær saman.

Efnisyfirlit

	bls.
Efnisafmörkun	2
1. Meginmál:	
- a. Yfirlit um skólamál	5
- b. Skólarnir	7
- c. Markmið og inntökuskilyrði	11
- d. Náms tíminn	14
- e. Námsgreinar	18
- f. Námsbækur	23
- g. Bókasöfn	28
- h. Kennslutæki	31
- i. Húsnæði	34
2. Skýrslur um aðbúnað í 10 skólum:	
2.1. Bóknámsskólar:	
- a. Flensborg	38
- b. Gagnfr.sk. á Ak., Möðruv.sk.	48
- c. Lærði skólinn	81
2.2. Bændaskólar:	
- a. Eiðar	119
- b. Hólar	127
- c. Hvanneyri	139
- d. Ólafsdalur	147
2.3. Kvennaskólar:	
- a. Blönduós	155
- b. Laugaland	160
- c. Reykjavík	165
Lokaorð	173
Heimildaská	174

1. KAFLI: Meginmál.

Yfirlit um skólamálin

Árið 1874 voru fimm barnaskólar starfandi á Íslandi og tveir skólar aðrir, Lærði skólinn og Prestaskólinn. Voru þeir báðir í Reykjavík. Prestaskólinn var skóli á háskólastigi og Lærði skólinn var eini skólinn á framhaldsskólastigi. Á næstu 30 árum urðu gífurlegar breytingar á skólamálum og sér í lagi á þann veg að fjöldinn allur af barnaskólum var stofnaður og einnig margir framhaldsskólar. Var þó ekki allt framkvæmt sem stefnt var að á þessum árum.

Á því tímabili öllu var alþýðufræðsla megin stefnumið flestra sem skiftu sér af skólamálum. Almenn menntun, gagnfræðamenntun, var sett á oddinn. Til ársins 1889 voru stofnaðir 9 af þeim skólum sem hér er fjallað um. Enda þótt 3 þeirra væru kvennaskólar og 4 búnaðarskólar, þá veittu þeir ekki síst almenna menntun. Á seinni hluta þessa tímabils varð mjög greinileg áherslubreyting hvað þetta varðar. Farið var að krefjast meiri og betri verkmenntunar. Árið 1897 var t.d. stofnaður húsmæðraskóli, sem vann að því að bæta verkmenntun kvenna, eins og nafnið bendir til. Kenndi hann miklu minna í bóklegum greinum en kvennaskólarnir. Árið 1904 voru sett lög um bændaskóla og þeim fækkað um tvo og það var meira en nafnið sem breyttist hjá búnaðarskólunum. Stýrimannaskóli og Iðnskóli voru stofnaðir í Reykjavík á 10 áratug síðustu aldar. Sú þróun sem þarna átti sér stað fól m.a. í sér að skólarnir sérhæfðu sig meira en gert var fyrstu árin eftir 1874. Þannig varð verkmenntun nokkuð langt frá gagnfræðamenntun þegar fram liðu stundir. Þessar breytingar voru að hluta orðnar að veruleika strax um aldamótin en komust þó fyrst og fremst til framkvæmda með lagasetningum um skólamál á fyrstu árum þessarar aldar. Sem dæmi um þær raddir sem voru uppi um verkmenntunina má vitna í Stefán Stefánsson, síðar

skólameistara:

"... meiri hluti manna hefir álitð sjálfsagt að búnaðarskólarnir væru ... almennir menntaskólar, er veittu nemendum sínum fræðslu í landafræði, sögu, dönsku o.s.frv. En þetta er, eins og hver maður sjer, allsendis óviðkomandi hinu eiginlega búfræðisnámi og því mjög óheppilegt að eyða til þess miklum hluta af hinum stutta námstíma, er eingöngu ætti að verja til búfræðslu."

Norðlenskir skólar, Stefán
Stefánsson, Ak., 1903.

Lærði skólinn hafði þegar hér var komið, starfað eftir reglugerð sem að stofni til var frá 1851. Hann kenndi það sem krafist var til inngöngu í Prestaskólann og Kaupmannahafnarháskóla. Þannig var hann skóli embættismannanna og ekkert "alpýðusnið" á honum. En hann gat ekki staðið af sér þær breytingar sem fylgdu nýjum tímum. Hann varð almennur menntaskóli árið 1904.

Skólarnir

Skólarnir 10 sem hér er fjallað um, eru um margt ólíkir.

Lærði skólinn skipar sérstöðu. Hann hafði starfað lengur en hinir skólarnir og til hans rann meira fé, og enda fjármagnsútleiðing til hans með alveg föstu sniði. Hann var eini skólinn sem hafði inntökuskilyrði, sem krafðist verulegrar kunnáttu fram yfir það sem krafist var til fermingar. Umsækjendur urðu að vera læsir á latínu og dönsku til að fá inngöngu í fyrsta bekk, þó svo þeir þyrftu ekki að vera nema 12 ára. Lærði skólinn starfaði í 9 mánuði á hverju námsári og arftaki hans, Menntaskólinn í Reykjavík, í átta og hálfan mánuð. Kenndar voru 36 kennslustundir á viku og nám við skólann tók 6 ár. Skólinn hafði á að skipa kennurum sem voru yfirleitt í hópi best menntuðu manna á Íslandi á þessum árum. Sérstaða Lærða skólans í hópi þeirra 10 sem hér er fjallað um er svo mikil, að nám við hina skólana hefði í mörgum tilvikum verið hæfilegur undirbúningur fyrir setu í fyrsta bekk hans. Þó hefði latínukunnáttuna vantað.

Gagnfræðaskólarnir sem hér er fjallað um eru Alþýðu- og Gagnfræðaskólinn í Flensborg, Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum, síðar á Akureyri og gagnfræðadeild Menntaskólans í Reykjavík frá 1904-1907. Flensborgarskóli og Möðruvallaskóli störfuðu lengst af, á þessu tímabili, samkvæmt reglugerðum sem þeim voru settar árið 1882. Margt var ólíkt í þeim reglugerðum, en þó voru námsgreinar hinar sömu. Báðir voru skólarnir tveggja ára skólar, tóku inn unglunga án þess að þeir þyrftu sérstaks undirbúnings við og veittu almenna gagnfræðamenntun. Þegar Gagnfræðaskólinn á Akureyri hóf störf haustið 1904 var það eftir nýrri reglugerð. Skólinn var orðinn þriggja ára skóli, skólaárið 8 mánuðir, í stað 7,5 áður og kenndar 36 stundir á viku.

Reglugerð skólans var nánast samhljóða þeim greinum í reglugerð Menntaskólans í Reykjavík, sem fjölluðu um gagnfræðadeildina. Þarna hafði gagnfræðanámið aukist að mun. Á sama tíma hafði kennaradeild verið stofnuð við Flensborgarskólann, en gagnfræðanámið við hann var óbreytt. Það leynir sér heldur ekki þegar skýrslurnar, sem hér hafa verið dregnar saman, eru athugaðar, að Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum og enn frekar Gagnfræðaskólinn á Akureyri og gagnfræðadeild Menntaskólans í Reykjavík hafa staðið miklum mun myndarlegar að menntun nemenda sinna en Flensborgarskólinn. Fjárveitingar gegna þarna vafalítið lykilhlutverki.

Bændaskólarnir sem hér störfuðu á þessum árum áttu margt sameiginlegt. Þeir voru allir tveggja ára skólar. Þeir byrjuðu allir með það skipulag að starfa 12 mánuði á ári, þannig að nemendurnir unnu á skólabúunum yfir sumarið og hirtu gripi yfir veturinn, með bóklegu námi. Hólaskóli féll þó frá þessu árið 1902 og Eiðaskóli 1906. Í hópi þessara skóla skar Ólafsdalsskólinn sig nokkuð úr, vegna mikillar áherslu á verkfærasmiði og notkun réttra verkfæra og vegna mikils og góðs verknáms yfirleitt. Það ber góðri teiknikennslu og kennslu í land- og hallamælingum vitni að búfræðingar frá Ólafsdal kortlögðu fleiri kaupstaði á Íslandi.

Ljóst er af meðfylgjandi skýrslum að Hólaskóli hefur lagt mesta áherslu á bóknámið og hann var lang best búinn kennslutækjum af búnaðarskólunum. Sigurður Sigurðsson, síðar búnaðarmálastjóri, varð skólastjóri á Hólum 1896. Honum hefur verið þökkun velgengni skólans á fyrstu árum aldarinnar. Hann þakkar hins vegar í skólaskýrslum Páli Briem amtmanni hlýjan hug til skólans. Þannig virðast fjárveitingar frá norðuramtinu hafa nýst Hólaskóla vel. Eiðaskóla hrjáði mjög fjárskortur á þeim árum sem hér er fjallað um, og þó einkum og sér í lagi fyrsta áratuginn sem hann starfaði. Hvanneyrarskólinn virðist aftur á móti hafa notið

tengsla sinna við Búnaðarfélag Íslands vel og ef til vill ekki síður þess, að vera búnaðarskóli ríkasta amtsins. Árið 1904 hafi svipaðri upphæð verið varið til Hvanneyrarskóla og til allra hinna búnaðarskólanna til samans.

Með nýjum lögum um bændaskóla, sem sett voru árið 1905 og tóku gildi 1906, urðu bændaskólarnir aðeins tveir og þeir urðu ríkiseign. Má segja að Hólaskóli og Hvanneyrarskóli hafi verið sjálfsagðir í þeim hlutverkum. Búnaðarskólinn í Ólafsdal tók ekki nýnema haustið 1906 og var lagður niður 1907, en Eiðaskóli starfaði til 1919.

Kvennaskólarnir sem störfuðu á þessum árum og hér er fjallað um, voru allir með áþekku sniði til að byrja með. Námskrá þeirra var áþekkt og er ekki óeðlilegt að ætla að norðlensku skólarnir hafi verið mótaðir eftir fyrirmynd Kvennaskólans í Reykjavík. Gert var ráð fyrir tveggja ára námi og að námstíminn væri 7 til 7,5 mánuður að vetri til. Kvennaskólinn í Reykjavík skar sig fljótt úr, bætti við þriðja árinu 1888 og fjórða árinu 1898. Kvennaskólinn í Ytri-Ey bætti þriðja árinu við 1895. Bæði þessi lenging námstímans og fleiri atriði benda til þess að Kvennaskólinn í Reykjavík hafi fljótlega veitt bóklega kennslu, sem var langt umfram það sem hinir kvennaskólarnir gátu. Kvennaskólann í Reykjavík sóttu dætur embættismanna að stórum hluta. Það var því ekki eins alvarlegt vandamál í honum og í norðlensku skólunum hvað stúlkur heltust úr námi. Svo virðist sem meirihluti þeirra kvenna sem sóttu norðlensku skólana hafi verið í skólunum í aðeins eitt skólaár og jafnvel hálf. Skilningur á mikilvægi menntunar fyrir kvenfólk var ekki nægur og verður það að teljast megin ástæðan fyrir þessu ástandi. E.t.v. hefur þó fleira komið til og er rétt að nefna kennslukraftana. Kvennaskólinn í Reykjavík hafði meðal kennara sinna marga bestu vísindamenn og skólamenn á sínum tíma. Þannig má nefna Pál Melsteð, Morten Hansen, Bjarna Sæmundsson o.s.frv. Kvennaskólarnir á

norðurlandi gátu ekki státað af svo hæfu skólafólki, hversu ágæt og fjölmenntaðar sem forstöðukonur skólanna hafa annars verið - og er hér ekki reynt að gera lítið úr því.

Það er alveg ljóst að ekki er hægt að tala um kvennaskólana og þá sérstaklega ekki kvennaskólana á norðurlandi, í sömu andrá og Lærða skólann. Þeir voru ekki á sama skólastigi. Enda segir Bogi Th. Melsteð árið 1888:

"Allt það fje, sem verið er árlega til þess að mennta íslenzka kvenfólkið, er töluvert minna en helmingurinn af þeim ölmusum, sem útbýtt er árlega meðal lærisveinanna í lærða skólanum einum ..."

Um menningarskóla eða um "lærða skólann" í Reykjavík og samband hinna lægri skóla við hann, Bogi Th. Melsteð, Kbh., 1888.

Allt fram til ársins 1906 voru norðlendingar alltaf af og til að fhuga sameiningu kvennaskólanna sinna. Rekstur skólanna virðist hafa verið sýslunum mjög erfiður. Kvennaskólarnir sameinuðust aldrei og Kvennaskólinn á Laugalandi hætti starfsemi á Akureyri árið 1906.

Markmið og inntökuskilyrði

Markmið skólanna voru eftirfarandi: Kvennaskólarnir stefndu að því að veita almenna menntun og verkmenntun í hannyrðum. Bændaskólarnir ætluðu að veita nemendum sínum bóklega og verklega kunnáttu í búfræði og aðeins hjá Hvanneyrarskólanum er það tekið fram í reglugerð að markmiðið sé einnig að veita almenna menntun. Gagnfræðaskólarnir sóttust eftir að veita almenna menntun. Gagnfræðaskólinn á Akureyri og gagnfræðadeild Menntaskólans í Reykjavík unnu einnig að því, frá 1904, að búa nemendur sína undir nám í lærdómsdeild Menntaskólans í Reykjavík. Það var ekki hlutskipti Gagnfræðaskólans í Flensborg. Með starfinu í kennaradeild sinni, og raunar áður en hún tók til starfa, setti hann sér að gera nemendur sína færa um að annast barnakennslu. Lærði skólinn vann að því markmiði að búa nemendur sína undir nám við Kaupmannahafnarháskóla og Prestaskólann. Menntaskólinn í Reykjavík vann að sama markmiði, og er þá einkum og sér í lagi átt við lærdómsdeildina. Hún bjó reyndar nemendur sína meira almennt undir nám á hástólastigi.

Inntökuskilyrðin mótuðust nokkuð af þessum markmiðum. Skólarnir áttu það þó sameiginlegt að þeir kröfðust þess að umsækjendur væru vel læsir og skrifandi og að þeir hefðu á valdi sínu einföldustu reikningsaðgerðir. Einnig kröfðust allir skólarnir þess að umsækjendurnir hefðu óspillt mannorð og urðu þeir í flestum tilfellum að leggja fram pappíra því til staðfestu. Kvennaskólarnir veittu piltum ekki inngöngu á þessum árum og búnaðarskólarnir ekki stúlkum. Gagnfræðaskólarnir veittu stúlkum ekki heldur inngöngu til að byrja með. Fyrsta stúlkan hóf nám í gangfræðaskóla haustið 1889 og var það við

Flensborgarskóla. Möðruvallaskólinn veitti stúlkum aldrei inngöngu, en Gagnfræðaskólinn á Akureyri var fyrir bæði kynin. Lærði skólinn veitti stúlkum inngöngu samkvæmt sérstakri tilskipun, sem gefin var á árinu 1886. Allir kröfðust skólarnir þess að umsækjendur væru fermdir, nema Lærði skólinn.

Kvennaskólarnir virðast ekki hafa sett nein aldurstakmörk og engin inntökuskilyrði fram yfir þau sem þegar eru nefnd. Kvennaskólinn í Reykjavík var eini kvennaskólinn sem hélt inntökupróf. Þau voru munnleg og aðeins fyrir þá umsækjendur sem ekki höfðu sótt skóla áður.

Búnaðarskólarnir vildu ekki að nemendur sínir væru yngri en 18 ára og Hvanneyrarskóli og Ólafsdalsskólinn tóku ekki við eldri umsækjendum en 28 ára. Flestir búnaðarskólarnir kröfðust þess að umsækjendurnir væru vanir sveitavinnu og jafnvel að þeir hefðu stundað hana í tvö ár. Allir kröfðust þeir þess að umsækjendurnir gætu starfað við venjuleg sveitastörf. Inntökupróf voru haldin við Hólaskóla.

Gagnfræðaskólinn í Flensborg krafðist þess að umsækjendur væru 14 til 20 ára og 18 ára þurftu umsækjendur að vera til inntöku í kennaradeildina. Gagnfræðaskólinn á Akureyri bætti nokkru við þetta. Hann krafðist þess að umsækjendur væru 14 ára og auk þess að þeir stæðust inntökupróf sem sannaði hæfni þeirra í helstu námsgreinum skólans.

Lærði skólinn og síðar Menntaskólinn í Reykjavík hélt einnig inntökupróf. Eins og minnst hefur verið á hér að framan gerði Lærði skólinn kröfu um nokkra kunnáttu í dönsku og latínu og einnig í landafræði, sögu og reikningi. Kröfurnar um kunnáttu til að setjast í fyrsta bekk gagnfræðideildar Menntaskólans í Reykjavík voru nálega eins og við Gagnfræðaskólann á Akureyri og

verulega minni en verið höfðu í Lærða skólann.
Latínukunnáttu var ekki lengur krafist.

Námstíminn

Eftirfarandi tafla sýnir lengd námstíma, hvað skólarnir störfuðu marga mánuði á ári og stundafjöldi á viku.

Skóli	Náms- ár	Kennslu- tímabil	Mán. á ári	Stundir á viku
<u>Bóknámsskólarnir:</u>				
Lærði skólinn	6	15.9.-14.6.	9	36
M. R. 1904-1907	2x3	1.10.-14.6.	8.5	36
- (6. bekkur)		1.10.-15.7.	9.5	
Möðruvallaskóli	2	1.10.-14.5.	7.5	31-33
Gagnfr. Ak.	3	1.10.-31.5.	8	36
Flensb. gagnfr.d.	2	1.10.-31.3.	6	26-28
Flensb. kennarad.	1	1.10.-14.5.	7.5	33
<u>Bændaskólarnir:</u>				
Hólaskóli	2	14.5.-14.5.	12	60-72 vinnust.
- - (bóknám)		1.11.-14.5.	6.5	26-29
- - (bóknám e. 1902)		1.10.-14.5.	7.5	27
Hvanneyri	2	14.5.-14.5.	12	54-78 vinnust.
- - (bóknám)		1.11.-14.5.	6.5	37-38
Ólafsdalur	2	14.5.-14.5.	12	72-87 vinnust.
- - (bóknám)		1.11.-14.5.	6.5	20
Eiðar	2	14.5.-14.5.	12	
- - (bóknám)		15.10.-14.5.	7	31
<u>Kvennaskólarnir:</u>				
Reykjavík (e. 1898)	4	1.10.-14.5.	7.5	15 (U.p.b.)
Blönduós (e. 1895)	3	1.10.-14.5.	7.5	
Laugalandi	2	1.10.-14.5.	7.5	18

Ef litið er á hversu margar kennslustundir í bóklegum greinum stóðu að baki burtfararprófi frá skólunum 10, kemur mismunur þeirra vel í ljós. Í samanburðinum á töflunni á næstu bls. er miðað við sama kennslustundafjölda allt skólaárið, frá setningu skólans til skólaslita. Þrjár vikur eru dregnar frá vegna jóla og páskaleyfa. Skólarnir vorðu mislöngum tíma til prófahalds, en sá tími er ekki dreginn frá hér, og breytir það varla hlutfallinu milli skólanna svo nokkru nemi. Skekkjan í töflunni er þannig mismikil eftir skólum. Tölurnar um kennslustundafjölda í töflunni og sem fjallað er um hér á eftir, eru fengnar með þessari aðferð. Ekki eru til heimildir fyrir því hversu margar bóklegar kennslustundir voru haldnar í Kvinnaskólanum á Blönduósi.

Ef litið er fyrst á Lærða skólann sést að nemendur hans hafa orðið að sækja alls töluvert á áttunda þúsund kennslustunda. Námi við Menntaskólinn í Reykjavík var lokið eftir 300 færri stundir. Gagnfræðadeild hans krafðist 3609 stunda og munar nokkru miðað við Gagnfræðaskólann á Akureyri með 3379 stundir. Möðruvallaskólinn og Gagnfræðaskólinn í Flensborg eru líka oft bornir saman í þessari ritgerð og munar hér sýnu meiru. Möðruvallaskóli kenndi 1865 stundir, en Flensborg 1226. Við kennaradeild Flensborgarskóla voru kenndar 962 stundir. Þannig hafði barnaskólakennari frá Flensborg sótt 2188 kennslustundir er hann lauk námi, eða um 1200 stundum minna en gagnfræðingur frá Akureyri og nálægt 1500 stundum minna en gagnfræðingur frá M. R.


Búnaðarskólarnir voru ekki langt frá tveggja ára gagnfræðanáminu hvað kennslustundafjölda varðar. Í Ólafsdal voru fæstar kennslustundir, eða 994, og flestar á Hvanneyri, 1789. Fyrir 1902 hafði búfræðingur frá Hólaskóla sótt 1342 kennslustundir, en þá var bóklegum kennslustundum fjölgað, þannig að þær urðu 1573. Búfræðingur frá Eiðum hafði sótt 1674 kennslustundir.

Skýrsla um aðbúnað

Fjöldi kennslustunda að baki námi við skólana – um og eftir aldamótin

Kennstustundir

7700
6900
6100
5300
4500
3700
2900
2100
1300
500



Skólar

- Lærði skólinn
- M.R.
- M.R. Lærisleifi
- M.R. Gagnfr.d.
- Gagnfr. Ak.
- Möðruv.sk.
- Flensb. Gagnfr.d.
- Flensb. Kennaræd.
- Hvanneyri
- Eiðar
- Hólastóli (e. 1902)
- Hólastóli (n. 1902)
- Ólafsdalur
- Kvannask. Rkv.
- Laugaland

Greinilegt er því að kennslustundafjöldi að baki búfræðingsnámi við Eiðaskóla, Hólaskóla og Hvanneyrarskóla hefur verið mjög svipaður, en skólinn í Ólafsdal hefur sérstöðu. Latur nærri að þrjár kennslustundir hafi verið haldnar í Ólafsdal, meðan 5 voru haldnar við hvern hinna.

Kvennaskólarnir voru fremur áþekkir hvað kennslustundafjöldi varðar fyrst eftir að þeir tóku til starfa. En þeir þróuðust ólíkt. Eftir 1898, þegar fullt nám við Kvennaskólann í Reykjavík var orðið 4 ár, var kennslustundafjöldinn orðinn u.þ.b. 1746 stundir á nemanda. Hvað stundafjöldi varðar, jafngildir hann námi við gagnfræðaskólana í Flensborg og á Möðruvöllum eða 1,5 ári við gagnfræðadeild M. R. eða Gagnfræðaskólann á Akureyri. Í Laugalandsskólanum voru kenndar 1045 stundir á nemanda, sem er svipaður fjöldi og í Ólafsdalsskólanum. Það er einnig svipaður fjöldi stunda og kenndur var á einum vetri í kennaradeild Flensborgarskóla. Tímalfjöldinn við þessa tvo kvennaskóla var því orðinn mjög ólíkur um aldamótin.

Þessar upplýsingar um kennslustundafjöldi segja vitaskuld nokkuð um hversu ítarlegt námið hefur verið í skólunum 10. En þær segja varla nógu mikið til þess að hægt sé að nota þær til viðmiðunar einvörðungu. Þær segja ekkert um það hvað fram fór í þessum kennslustundum og ekki hversu mikið var sett fyrir um heimalærdóm. Hér verður minnst á tvö atriði sem rétt er að hafa í huga þegar tölur um kennslustundafjöldi eru skoðaðar:

Við vitum að aðstæður til náms utan kennslustundanna voru mjög misgóðar. Nemendur búnaðarskólanna þurftu að vinna frá 2 og uppí 5 stundir á dag með bóklega náminu. Námsmeyjar kvennaskólanna þurftu að vinna allt að 8 klukkustundir á dag við hannyrðir og var það bæði í kennslustundum og utan þeirra. Gagnfræðaskólarnir og Lærði skólinn höfðu allt aðrar aðstæður hvað þetta

varðar.

Ef litið er aftur á kennslukraftana kemur í ljós að búnaðarskólarnir og kvennaskólarnir höfðu yfirleitt aðeins einn kennara, auk skólastjórans eða forstöðukonunnar. Þess eru raunar mörg dæmi að skólastjóri eða forstöðukona hafi kennt allt námsefni síns skóla, bæði verklegt og bóklegt. Gagnfræðaskólarnir urðu fljótt fjölmennari en yrkisskólarnir og buðu því uppá miklu sérhæfðari kennslukrafta.

Lærði skólinn kenndi nokkrar námsgreinar sem aðrir skólar kenndu ekki. Það voru franska, þýska, gríska og latína. Lærði skólinn var eini skólinn sem kenndi "danska leikfimi". Sú leikfimi átti eftir að ryðja sér rúms annars staðar. Hún átti að vera æfingakerfi sem þjálfaði alla vöðva líkamans og með henni bárust hingað hin vel kunnu tæki, s.s. kista, hestur o.fl. Í Lærða skólanum voru einnig kenndar skyldingar. Kristinfræði var kennd við Lærða skólann og síðar gagnfræðadeild M.R. og hún var kennd við kennaradeild Flensborgarskóla. Menntaskólinn í Reykjavík kenndi allar námsgreinar sem áður voru kenndar í Lærða skólanum, nema grísku. Að auki kenndi hann handavinnu. Gagnfræðaskólinn á Akureyri kenndi einnig handavinnu og aðrar sömu námsgreinar og gagnfræðadeild M.R., nema kristinfræði. Möðruvallaskólinn og gagnfræðadeildin í Flensborg kenndu ekki handavinnu og ekki félagsfræði, en að öðru leyti sömu námsgreinar og Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Við kennaradeild Flensborgarskóla var ekki kennd enska, félagsfræði, saga, handavinna eða leikfimi. Aftur á móti var uppeldisfræði kennd við kennaradeildina, en ekki við aðra skóla.

Námsgreinar búnaðarskólanna:

Námsgreinar	Eiðar	Hólar	Hvann- eyri	Ólafs- dalur
Íslenska	x	til 1900		x
Danska	x	til 1900		x
Landafraði	x	x		
Náttúrufræði	x	x	x	x
Íslandssaga	x	til 1889		
Reikningur	x	x	x	x
Teikning		x	x	x
Jarðræktarfræði	x	x	x	x
Garðyrkjufraði	x	x		
Kvikfjarrækt	x	x	x	x
Hagfræði (búreikningar)	x	x	x	x
Mælingarfræði	x	x	x	x

Flestar sömu námsgreinarnar voru kenndar við búnaðarskólana. Helstu frávik voru að skólarnir á Hvanneyri og í Ólafsdal kenndu ekki landafraði, íslandssögu og garðyrkjufraði. Rétttritun var ekki kennd við Hvanneyrarskólann og ekki við Hólaskóla eftir 1900. Danska féll líka niður á Hólum frá sama tíma, en íslandssaga frá 1889. Eins og fram kemur í skýrslunni um Ólafsdalsskóla síðar í þessari ritgerð unnu nemendur hans fjölmörg störf sem kröfðust bæði náms og þjálfunar. Þannig ófu þeir, kenndu börnum, hlóðu úr torfi og grjóti, unnu að vegagerð, húsbyggingum o.fl. Ekki var nám til þessara starfa á stundaskrá skólans eða í reglugerð hans.

Námsgreinar kvennaskólanna:

Námsgreinar	Reykja- vík	Blöndu- ós	Lauga- land
Íslenska	x	x	x
Danska	x	x	x
Enska	x		val
Landafraði	x	x	x
Náttúrufræði	x	x	
Heilsufræði		x	
Reikningur	x	x	x
Sagnfræði	x	x	x
Söngfræði	x	x	x
Söngur	x	x	x
Teikning			x
Skrift	x	x	x
Fatasaumur	x	x	x
Útsaumur	x	x	x
Hekling	x		x
Vefnaður	x		x
Þvottur		x	
Tilsögn í matreiðslu		x	
Tóvinna			x

Flestar námsgreinar kvennaskólanna voru hinar sömu. Enska var ekki kennd á Blönduósi, en hún hafði verið valgrein í Ytri-Ey. Hún var það einnig á Laugalandi og í Reykjavík frá 1878 til 1888. Eftir 1888, þegar þriðja bekknum hafði verið bæt við í Reykjavík, var hún meðal fastra námsgreina. Í Kvennaskólanum í Reykjavík fór ekki fram tilsögn í þvotti, matreiðslu eða tóvinnu. Engu að síður skiftust námsmeyjar á að matreiða í skólanum. Þær stúlkur sem bjuggu í heimavist skólans munu einnig hafa

kynnst þvottum og hreinlætisiðkunum, ef dæma má af reglunum sem um heimavistirnar giltu. Kvennaskólinn í Reykjavík virðist ekki hafa kennt heilsufræði, en ekki er útilokað að hún hafi fallið undir náttúrufræði. Hann kenndi ekki teikningu. Það gefði skólinn á Blönduósi ekki heldur. Kvennaskólinn á Blönduósi veitti tilsögn í þvotti og matreiðslu, en ekki í hekling eða vefnaði. Þannig hefur hann verið nær húsmæðraskólunum en Kvennaskólinn í Reykjavík. Við Kvennaskólann á Laugalandi var ekki kennd náttúrufræði eða heilsufræði og ekki veitt tilsögn í þvottum og matreiðslu. Tóvinna var kennd við Laugalandsskólann.

Námsbækur

Á síðasta aldarfjórðungi 19. aldarinnar hófst íslensk námsbókagerð. Mikið var samið og sennilega mest fyrir það skólastig sem hér er til umræðu, þ.e.a.s. framhaldsskóla. Var og öðrum þræði verið að semja fræðslubækur fyrir allan almenning. Flestar, ef ekki allar, frumsamdar íslenskar námsbækur, sem á annað borð áttu eitthvert erindi í framhaldsskóla, voru lesnar í skólunum. Margar þeirra voru ekki kenndar nema eitt ár eða tvö - þrjú og, virðast því ekki hafa hentað sérlega vel. Aðrar festust þegar í sessi og voru lesnar í framhaldsskólunum um langt árabil og jafnvel í þeim öllum. Einnig bar á því að frumsamdar íslenskar kennslubækur væru aðeins lesnar við einstaka skóla og þá skólann sem höfundur bókana starfaði við. Þannig var Torfi Ólafsson höfundur umtalsverðs hluta námsefnisins í Ólafsdal, en lítið lesinn annars staðar. Bækur Jóns A. Hjaltalín voru nálega eingöngu lesnar á Möðruvöllum og síðar við Gagnfræðaskólann á Akureyri.

Búnaðarskólarnir og Kvennaskólarnir notuðu frumsamdar íslenskar kennslubækur og þýddar bækur. Nokkuð var einnig um að bændaskólarnir (nema Ólafsdalsskólinn) væru með danskar bækur. Á þetta helst við námsbækur í hinum ýmsu búfræðigreinum. Uppúr aldamótunum var búið að íslenska og staðfæra mikinn hluta þessa námsefnis. Það voru samt fyrst og fremst bóknámsskólarnir þeir sem fylltu upp í námsefni sitt með erlendum kennslubókum, skrifuðum fyrir framhaldsskóla. Í því efni gekk Flensborgarskólinn þó styst, Möðruvallaskólinn og síðar Gagnfræðaskólinn á Akureyri sýnu lengra, en Lærði skólinn og síðar Menntaskólinn í Reykjavík áberandi lengst.

Íslenska:

Íslenskukennslan í búnaðarskólunum og kvennaskólunum var mest rétttritunarkennsla. Ritreglur Valdemars Ásmundssonar er sú kennslubók sem sker sig úr hvað útbreiðslu varðar. Í gagnfræðaskólunum voru Oldnordisk læsebog eftir Wimmer og Mállýsing eftir Halldór Briem algengastar.

Danska:

Í bændaskólunum og kvennaskólunum voru mest notaðar þrjár bækur; ein þeirra eða jafnvel fleiri. Þessar bækur voru: Lestrarbók eftir Steingrím Thorsteinsson, Kennslubók í Dönsku eftir Jón Þórarinsson og Jóhannes Sigfússon og Dansk Börneven eftir Hjort. Gagnfræðaskólarnir notuðu þessar sömu bækur og auk þess fleiri. Flestir höfðu þessir skólar dönskukunnáttu ekki að inntökuskilyrði. Lærði skólinn hafði það hinsvegar. Í honum voru kenndar þessar sömu byrjendabækur, en sérstaða hans felst í því að hann kenndi danskar móðurmálsbækur, sem átlaðar voru til kennslu í dönskum gagnfræðaskólum og menntaskólum.

Enska:

Kvennaskólarnir og Möðruvallaskóli/Gagnfræðaskólinn á Akureyri notuðu Enska lestrarbók eftir Jón A. Hjaltalín skólameistara. Í Flensborgarskóla og Lærða skólanum var Enskunámsbók eftir Geir Zoega kennd og byrjendabók eftir Lökke. Í Lærða skólanum voru alls notaðar 16 enskunámsbækur á þeim tíma sem hér um ræðir. Flestar virðast þær fyrir lengra komna og samdar fyrir danska framhaldsskóla.

Saga:

Hjá búnaðarskólunum var um að ræða aðeins eina bók, Ágrip af Íslandssögu eftir Þorkel Bjarnason. Kvennaskólarnir kenndu hana einnig og að auki allar sögubækur Páls Melsteðs. Kvennaskólarnir á norðurlandi lögðu mjög mikla áherslu á mannkynssögukenndu. Það á sér varla aðra skýringu en þá, að þeir hafi tekið verulegt mið af kenningunni við Kvennaskólann í Reykjavík. Þar ríkti sterk sögukennduhefð, sem Páll Melsteð kom á. Hans bækur voru og allar kenndar þar. Gagnfræðaskólarnir kenndu áður nefndar bækur, Íslendingasögu eftir Boga Th. Melsteð og töluvert fleiri. Lærði skólinn kenndi nokkrar sögubækur eftir erlenda höfundum, s.s. Swanenflugel og Blocks, auk þeirra bóka sem hér er minnst á.

Landfræði:

Bækurnar Landfræði eftir Erslev og Lýsing Íslands eftir Þorvald Thoroddsen voru algengastar. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum/Akureyri og Lærði skólinn notuðu mikið bækur eftir C.C. Christensen eftir 1905.

Reikningur:

Allir þeir skólar sem hér eru til umfjöllunar kenndu reikningsbók Eiríks Briem og var hún eina kennslubókin í Kvennaskólunum. Í bændaskólunum og gagnfræðaskólunum voru yfirleitt líka lesnar bækur Halldórs Briem: flatarmálsfræði og þykkvamálsfræði. Í Lærða skólanum var meira kennt í reikningi en annars staðar og fjölbreyttari kennslubækur, m.a. danskar bækur.

Náttúrufræði:

Í kvennaskólunum var aðallega um að ræða heilsufræðikennslu og örlítið í grasufræði. Sú bók sem gengur í gegn í náttúrufræðinni er Kennslubók í náttúrusögu eftir Pál Jónsson. Flóra Íslands eftir Stefán Stefánsson var einnig mikið notuð. Þessar bækur voru ekki kenndar í Lærða skólanum, heldur mest danskar bækur. Þó var kennd þar Jarðfræði eftir Þorvald Thoroddsen og bækur Bjarna Sæmundssonar var farið að kenna fljótlega eftir aldamótin.

Eðlis- og Efnafræði:

Þessar greinar voru ekki kenndar í kvennaskólunum. Eðlisfræði var kennd í bændaskólunum, gagnfræðaskólunum og Lærða skólanum og var bókin Mindre Lærebog i Fysik eftir Karl Smidt víðast notuð við kennsluna. Efnafræði var aðeins kennd í bændaskólunum, a.m.k. voru engar kennslubækur notaðar í efnafræði í hinum skólunum sem hér um ræðir. Lærði skólinn átti þó lítið sett til efnafræðitilrauna.

Jarðræktarfræði:

Jarðræktarfræði var kennd í bændaskólunum. Allur gangur var á því hvaða kennslubækur voru notaðar. Töluvert var lesið af tímaritsgreinum um ýmis svið þessara fræða, t.d. Um áburð eftir Torfa Ólafsson, sem birtist í Andvara 1884.

Garðyrkjufraði:

Bændaskólarnir kenndu garðyrkjufraði og allir kenndu þeir bækurnar: Garðyrkjukver eftir G. Schierbeck,

landlækni og Garðyrkjubók eftir Schuubeler í íslenskri þýðingu Moritz H. Friðrikssonar.

Kvikfjárrækt:

Bændaskólarnir kenndu kvikfjárræktarfræði. Allir studdust þeir við bókina Huspattedyrenes Bygning og Liv eftir H. Bendz, en kenndu annars ýmsar bækur, flestallar á dönsku. Flestir skólarnir studdust við tímaritsgreinar við kennsluna, m.a. Um fóðrun búpenings sem birtist í Búnaðarritinu og var eftir Hermann Jónasson.

Land- og hallamælingar:

Þessi vísindagrein var kennd við bændaskólana og notaðar danskar kennslubækur. Notuðu engir tveir skólar sömu bókina.

Hagfræði:

Hagfræði var kennd í búnaðarskólunum. Viðast voru haldnir fyrirlestrar um búreikninga og jafnvel ekki notuð nein kennslubók. Um búreikninga eftir Torfa Ólafsson var þó kennd á Hvanneyri um tíma og ávallt í Ólafsdal.

Söngur:

Söngur og söngfræði voru kennd við alla skólana sem hér eru til umræðu, en mjög mismikið. Virðast fyrst og fremst notaðar Söngkennslubækur Jónasar Helgasonar. Átta hefti með því nafni voru kennd við Lærða skólann, en annars staðar aðeins eitt hefti, sennilega fyrsta heftið, enda mun það hafa heitið Söngkennslubók fyrir byrjendur.

Bókasöfn

Allir eignuðust skólarnir nokkuð af bókum. Bæði keyptu þeir bækur, þótt mismikið væri um það, og einnig fengu þeir bækur að gjöf. Bændaskólarnir og Kvinnaskólarnir keyptu aðallega bækur sem fjölluðu um málefni sem á einhvern hátt tengdust kennslu skólanna. Þeir keyptu skandinavísk tímarit um sín sérmál. Ekki höfum við neinar upplýsingar um titla í bókasafni Flensborgarskóla. Möðruvallaskóli og Gagnfræðaskólinn á Akureyri keypti bækur og tímarit með almennum fróðleik, með nokkra áherslu á náttúrufræði. Lærði skólinn og síðar M.R. keypti mest allt útgefið efni á íslensku og var hann þannig eini skólinn sem eignaðist skáldverk og ljóðabækur íslenskra höfunda. Hann keypti bækur og tímarit með ýmsum fróðleik viðs vegar að. Þó var mest um skandinavískt efni. Fjölmargir skólar í Skandinavíu sendu honum skólaskýrslur sínar og jafnvel annað útgáfuefni.

Hér fer á eftir tafla yfir fjölda titla og verðmæti bókasafna skólanna. Tölurnar miðast við árið 1907, nema annað sé tekið fram. Þess ber að geta að tölurnar um Lærða skólann eru yfir titlana sem hann eignaðist á árunum 1887 til 1907 en ekki endanleg tala um fjölda þeirra. Vafalítið hefur skólinn verið kominn með allgott safn bóka 1887.

Skóli	Fjöldi titla	Verðmæti (Kr.)
Lærði skólinn	5333	
- - (bókafél. Ípaka)	3240	
Möðruv./Gagnfr. Ak.	600	
Flensburg	300-400	
Eiðar (árið 1906)		690.-
Hólar	610	1.663.20
Hvanneyri		300.-
Ólafsdalur (árið 1897)		600.-
- - (bókas. lærisv., 1897)	225	500.-
Kvennask. í Reykjavík		
Blönduósi (árið 1895)	238	481.77
Laugalandi (a.m.k.)	140	

Bókasöfn Lærða skólans og Lestrarfélagssins Ípöku voru alveg ósambærilegt við bókasöfn hinna skólanna. Stærð þeirra var slík. Er ekki ósennilegt að þau hafi átt fáar hliðstæður hér á landi. Fjölbreytni safnanna var svo mikil að þau má fremur jafna við almenningsbókasöfn nútímans. Þannig voru þarna hlið við hlið skáldverk, fræðibækur, alfræðibækur, ljóðabækur og ferðasögur.

Gagnfræðaskólarnir hafa ekki lagt mikla áherslu á bókasöfn sín. Er það sennilega fyrst og fremst vegna fjárskorts. Vitað er að bókasöfn lærisveina við Gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, fáein hundruð bókatitla, var selt og fyrir andvirði þess var stofnaður sjóður, sem átti að styrkja fátækustu sveinana í skólanum. Bókasöfn Gagnfræðaskólans á Akureyri var samt orðið

a.m.k. um 600 titlar árið 1907. Bókasafn Flensborgarskólans taldi helmingi færri titla.

Hver titill í bókasafni Kvennaskólans á Blönduósi var 2.02 kr. virði árið 1895. Tveimur árum síðar var hver titill í Ólafsdal metinn á 2.22 kr. Í Hólaskóla, árið 1907, var hver titill metinn á 2.72 kr. Meðalverðmæti hvers titils í skólabókasafni var 2.46 kr. E.t.v. hafa smávægilegar verðbreytingar orðið á þessum 12 árum, en ekki er síður hugsanlegt að á Blönduósi og í Ólafsdal hafi verið meira um tímarit og kennslubækur, en á Hólum. Í skýrslum Ólafsdalsskóla eru listar yfir bókaeign á staðnum og kemur þar reyndar í ljós að flestar kennslubækur sem hinir búnaðarskólarnir kenndu fram yfir það sem kennt var í Ólafsdal, voru til í bókasöfnunum.

Ef miðað er við meðalverðmæti hvers titils kemur í ljós að Hvanneyrarskólinn hefur átt 122 titla, en Eiðaskóli 280. Með sama hætti má komast að því að í bókasafni Ólafsdalsskóla voru 244 titlar og því 505 titlar alls í Ólafsdal árið 1897. Bókasöfn Búnaðarskólanna hafa því talið 120 til 610 titla hvert. Hólaskóli og Ólafsdalsskólinn bjuggu langbest hvað bókaeign varðar.

Eins og fram kemur í skýrslunni um Kvennaskólann í Reykjavík, aftar í ritgerð þessari, átti hann nokkuð af bókum, en ekki er hægt að nefna ákveðinn fjölda titla í því sambandi. Bókasafn var ekki stofnað við skólann fyrr en árið 1923. Það virðist mega fullyrða að kvennaskólarnir hafi átt minnst bókasöfn af skólunum sem hér um ræðir eða á bilinu 100 til 250 titla hver.

Kennslutæki

Það hefur gengið mjög misvel að komast yfir upplýsingar um kennslutæki skólanna. Bóknámsskólarnir þrír höfðu það fyrir reglu að færa mjög nákvæma skýrslu um allt það sem skólinn keypti eða fékk að gjöf. Með því að skoða skólaskýrslur þessara skóla og taka allt sem þar er skráð saman má fá allgóða mynd af kennslutækjæigninni eins og hún var árið 1907. Flensborgarskóli birti árið 1902 ýtarlegan lista yfir öll kennslugögn sín þannig að skýrslan um hann ætti að vera mjög nálægt hinu rétta.

Búnaðarskólarnir héldu einnig skólaskýrslur. Skýrslur Hólaskóla eru alveg sambærilegar við skýrslur bóknámsskólanna, en skýrslur hinna skólanna eru ekki eins ýtarlegar. Þannig eru kennslutæki og bækur oft talin saman og verðmetin, en engin sundurliðun.

Kvennaskólarnir héldu ekki skólaskýrslur með sama sniði og bóknámsskólarnir. Kvennaskólinn í Reykjavík varð að vísu að senda suðuramtinu árlega skýrslu frá 1878. Í henni er ekki talað um kennslutæki. Reikningar kvennaskólanna voru vafalítið einu rituðu heimildirnar um kennslutæki þeirra. Reikningar Kvennaskólans á Blönduósi eru allir glataðir og fórust flestir í skólahúsbrunum árið 1911. Reikningar Kvennaskólans á Laugalandi eru allir glataðir. Töluvert er til af reikningum Kvennaskólans í Reykjavík í Þjóðskjalasafni. Stuðst er við þá hér, en hvað varðar hina kvennaskólana, eru heimildirnar frá gömlum nemendum skólanna.

Einn er sá hlutur sem skólarnir hafa sennilega allir átt. Það er svört veggtafla. Hvergi er þó minnst á hana sem kennslutæki í heimildum. Í skólareglum Kvennaskólans

í Reykjavík sagði að námsmeyjar skyldu skiptast á um að hafa umsjón með töflunni. Átti að halda töflunni hreinni, sjá til þess að þar væri næg krit og að vata svampinn með volgu vatni.

Tveir skólar skera sig úr í kennslutækjaeign árið 1907. Það eru Menntaskólinn í Reykjavík og Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Áttu aðrir skólar ekkert því líkt. Í Flensborgarskóla var kvartað yfir skorti á kennsluáhöldum í skýrslum skólans. Tveir fyrrnefndu skólarnir virðast hafa lagt metnað sinn í að hafa söfn sín sem best. Á hverju ári keyptu þeir mikið á kennslugögnum og þeir gengu vel frá þeim. Í skólaskýrslum er þess getið að dýr hafi verið stoppuð upp, skordýrum komið fyrir í glerkassa, jurtir þurrkaðar o.s.frv. Lærði skólinn varði talsverðu fé á síðasta átatug 19. aldar til smíði vandaðra glerskápa fyrir safnmunina. Það er því einkennilegt að lesa í grein Sigurjóns Jónssonar "Sitthvað um kennara, kennslu og kennslubækur" (Minningar úr Menntaskóla, Rkv. 1946, 161) að náttúrufræðisafn M.R. hafi aldrei verið notað. Í skólaskýrslum Möðruvallaskóla og síðar Gagnfræðaskólans á Akureyri er aftur á móti sérstaklega tekið fram að munirnir í söfnunum hafi verið notaðir við kennsluna.

Bændaskólarnir áttu fremur lítið af kennslugögnum í bóklegum greinum. Þó skaraði Hólaskóli fram úr á þessu sviði og sérstaklega um og eftir aldamótin. Skólarnir í Ólafsdal og á Eiðum áttu sáralítið.

Kvennaskólarnir áttu nálega engin gögn til aðstoðar við bóklega kennslu. Sennilega ekki heldur til verklegrar kennslu og virðast námsmeyjar hafa þurft að leggja sér til smááhöld til hannyrða.

Til landafræðikennslu áttu allir skólarnir íslandskort og flestir evrópukort og jafnvel hnattlíkan.

Margir áttu myndir og myndabækur frá frægum stöðum og einstökum löndum og álfum. Menntaskólinn í Reykjavík og Gagnfræðaskólinn á Akureyri áttu báðir einstakt safn gagna til landafræðikennslu.

Til eðlisfræðikennslu var til lítið safn áhalda í Flensborg. Góð söfn voru við Menntaskólann í Reykjavík og Gagnfræðaskólann á Akureyri. Bændaskólarnir áttu mismikið; frá myndum af áhöldum í Ólafsdal og til viðunandi eðlisfræðisafns við Hólaskóla. Kvinnaskólarnir áttu varla eðlisfræðiáhöld.

Til efnafræðikennslu átti M.R. lítið safn. Hólaskóli átti einnig smásafn, m.a. tæki til að mæla fitumagn mjólkur og rannsaka kalk í jarðveginum. Hinir búnaðarskólarnir hafa e.t.v. átt tæki til mælinga á fitumagni mjólkur, nema Ólafsdalsskólinn; hann eignaðist þau aldrei. Kvinnaskólarnir, Flensborg og Gagnfræðaskólinn á Akureyri áttu ekki efnafræðiáhöld.

Lítið jurtasafn var til á Hólum. Söfn Gagnfræðaskólans á Akureyri og M.R. voru ágæt. Aðrir skólar áttu ekki jurtasöfn.

Gott líffræði- og dýrasafn var við Gagnfræðaskólann á Akureyri og við M.R. Ekki áttu aðrir skólar neitt slíkt. Þeir áttu sumir veggmyndir eða myndabækur til stuðnings kennslu í þessum vísindum.

Safn leikfimiáhalda var til við M.R., ekki annars staðar.

Áhöld til halla- og landmælinga voru til við alla búnaðarskólana.

Búnaðarskólarnir áttu allir verkfæri af ýmsu tagi sem nemendur þeirra lærðu að nota.

Húsnæði

Skólarnir bjuggu við misjafnan húsakost. Flestir eignuðust þeir þó fljótt hús sem byggð voru til skólahalds. Þau hús sem sérstaklega voru byggð sem skólahús voru yfirleitt með góðri lofthæð. Gluggar þeirra voru einnig nægilega stórir til þess að veita góða birtu. Minna mun hafa verið hugað að einangrun húsanna og kyndingu. Það orð fór af sumum skólahúsanna að þau væru ekki hlý. Fyrir aldamótin og fram yfir þau var kynnt með kolaofnum. Stóðu þeir gjarnan næst miðju húsanna. Öll hús sem reist voru á þeim tíma sem hér er til umræðu voru úr timbri. Þau voru reist á sementshúðaðar steinahleðslur og var ýmist kjallari undir húsunum eða ekki. Sum voru húsinn klædd bárujárni. Eitt hús var með torfpak.

Þó svo að flestir skólarnir eignuðust fljótlega hús sem sérstaklega voru ætluð til skólahalds, var framan af allur gangur á því hversu veglegar byggingarnar voru. En einmitt á þessum árum varð til í landinu dýrmæt reynsla af mismunandi húsakynnum undir skólastarfsemi. Það er áberandi að með hverjum áratugnum sem leið voru reist betri og hentugri skólahús. Þróun skólahúsnæðis hefur varla verið hraðari á öðrum tíma hér á landi. Mörg þeirra húsa sem reist voru í lok þessa tímabils, eða um og eftir aldamótin, eru enn í notkun.

Á mest öllu því tímabili sem hér um ræðir bar eitt skólahús af öðrum á landinu. Það var hús Lærða skólans og síðar M.R., reist 1846. Bæði var það stærra að flatarmáli en önnur skólahús og einnig glæsilegra. Það var vel fallið til kennslu og var smíðað sem kennsluhúsnæði og fyrir heimavistir. Þannig var lofthæð hússins góð og gluggar nægilega stórir. Húsinu hefur vafalítið verið haldið allvel við. Ekki höfum við rekist á það í endurminningum gamalla nemenda skólans, að þeir

telji húsnæðið á einhvern hátt slæmt. Gagnfræðaskólinn á Akureyri eignaðist árið 1904 hús sem var sambærilegt við skólahús M.R. Áður hafði hann starfað í minna og lélegra húsi á Möðruvöllum. Þó hafði það hús verið reist sem kennsluhúsnæði og heimavistarhús. Flensborgarskóli starfaði í stóru timburhúsi. Voru bæði heimavistir í því og kennslustofur. Það var ekki reist sem skólahúsnæði. Var lengst af þröngt um skólastarfsemina. Árið 1906 var því til viðbótar byggt fremur lítið einnar hæðar hús. Í því voru 3 kennslustofur og kennarastofa. Það er nokkurs konar fyrirrennari hinna fjölmörgu skúra, sem nú eru svo víða. Öll voru þessi hús í opinberri eigu.

Búnaðarskólarnir hófu allir starf í nýjum húsum, sérstaklega reistum fyrir skólastarfið. Húsið í Ólafsdal varð þó fljótt of lítið og einnig á Hvanneyri. Því var byggt aftur í Ólafsdal 1896 og hvanneyringar lengdu skólahús sitt tvisvar á tífunda áratugnum. Hús þeirra brann 1903 og reistu þeir nýtt skólahús 1904. Öll voru þessi hús ætluð til kennslu og í þeim voru heimavistir, eldhús og mótuneytisaðstaða. Geymslur voru gjarnar í úthýsum. Til að byrja með voru hús búnaðarskólanna og aðrar eigur þeirra í eigu sýslna. Hólaskóli og Hvanneyrarskóli komust fljótt í eigu viðeigandi amtsyfirvalda. Í Ólafsdal var skólinn hins vegar í einkaeign, en naut opinberra styrkja.

Kvennaskólinn í Reykjavík starfaði í húsnæði sem var í einkaeign allan þann tíma sem hér um ræðir. Fyrstu fjögur árin starfaði hann í litlu húsi, sem var jafnframt heimili forstöðukonunnar. Þá var byggt nýtt hús yfir hann. Það var hugsað sem kennsluhúsnæði og heimavist fyrir skólann og í því var stórt eldhús og borðstofa og íbúð forstöðukonunnar. Kvennaskólinn á Laugalandi starfaði í timburhúsi með torfpaki. Það var að stofni til gamalt, en var endurnýjað og lengt við stofnun skólans. Það varð fljótt of lítið. Það hefur vafalítið verið einna hraklegast af þeim skólahúsum sem

hér er minnst á. Þó hefur það e.t.v. ekki verið mjög kalt. Námsmeyjum mun hafa þótt mikið til þess koma að sögn Benjamíns Kristjánssonar og ekki sist hversu vel húsið var þiljað. Húsið var í einkaeign fyrstu þrjú skólaárin, en þá eignaðist Eyjafjarðarsýsla það. Eftir 1896 var skólinn í leiguhúsnæði á Akureyri og sennilega í húsum sem ekki voru byggð sem kennsluhúsnæði. Kvennaskólinn í Ytri-Ey starfaði til að byrja með í gömlu timburhúsi. Var lengst af afarþröngt um skólann. Fljótlega var þiljaður upp áfastur skúr og hafður sem borðsalur og 1890 var byggt við húsið. Árið 1901 flutti skólinn til Blönduóss og í nýtt hús. Það var mikið stærra en húsið í Ytri-Ey og reist fyrir skólastarfsemina sérstaklega. Skólinn í Ytri-Ey og síðar á Blönduósi var í eigu Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna.

2. KAFLI: Skýrslur um aðbúnað í 10 skólum.

Flensborgarskóli

Alþýðu- og Gagnfræðaskólinn í Flensborg hóf starfsemi 1882. Kennaranám hófst við skólann 1892 og varð að sérstakri bekkjardeild 1896. Kennaradeildin starfaði til 1908 að Kennaraskóli Íslands var stofnaður.

Aðdragandinn að stofnun skólans er í stuttu máli sá, að árið 1875 voru hafnfirðingar farnir að sýna því áhuga að fá til sín gangfræðaskóla. Þannig var borin fram á alþingi 1875 tillaga um stofnun slíks skóla við Hafnarfjörð. Ekki náði hún fram að ganga. Hins vegar var hugmyndinni vakandi áfram. Árið 1877 gaf séra Þórarinn Böðvarsson í Görðum jörðina Hvaleyri og Flensborg við Hafnarfjörð til stofnunar barnaskóla. Var gjöfin í minningu Böðvars, sonar hans. Barnaskóli var síðan í Flensborg frá 1877-1895. Séra Þórarinn breytti skilyrðum gjafar sinnar 1882. Þannig hófst Alþýðu- og Gagnfræðaskóli að Flensborg haustið 1882. Fyrsti skólastjóri hans var Jón Þórarinsson og gegndi hann því embætti til 1908. Skólinn var undir stjórn sýslunefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Kennarakennsla hófst við Gagnfræðaskólann árið 1892. Jón Þórarinsson var mikill baráttumaður fyrir kennarafræðslu og á vafalítið stóran þátt í þeirri nýjung. Einnig má benda á, að þremur árum áður var Hið íslenska kennarafélag stofnað og sífellt fleiri gerðu sér grein fyrir nauðsyn kennaramenntunar. Í fjögur ár var það snið á, að þeir sem lokið höfðu námi við gagnfræðaskólann gátu setið sex vikna kennaranámskeið. Árið 1896 var kennaradeild stofnuð við skólann. Námið við hana tók eitt ár.

Skólinn starfaði í stóru timburhúsi, sem var 15 x 32,75 álnir að flatarmáli, hæð og hátt ris. Stórir kvistir voru byggðir á húsið 1884. Árið 1906 var byggt

einnar hæðar timburhús, sem var 15 x 30 álnir að flatarmáli. Í því voru 3 kennslustofur og vinnuherbergi kennara. Á þeim tíma sem hér er til umræðu átti skólinn ekki leikfimiðhús, en leikfimi var kennd í skúr, sem áfastur var við skólahúsið.

Markmið skólans

Í "Reglugjörð fyrir alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensburg", 1. grein, 1882, segir:

"Ætlunarverk skólans er að veita lærisveinum þeim, er í hann ganga, almenna menntun, glæða sálargáfurnar, auka þekkinguna og styrkja siðferðislega hæfileika þeirra, að þeir verði hafir til að standa vel í stöðu sinni sem alþýðumenn og jafnframt gjöra þá færa um að taka að sér barnakennslu."

Inntökuskilyrði

Umsækjandi um skólavist í Alþýðu- og Gagnfræðaskólanum í Flensburg varð að leggja fram vottorð um:

- a. að siðferði hans sé óspillt,
 - b. að hann sé eigi yngri en 14 ára, og eigi eldri en 20 ára; að öðrum kosti sé sótt um aldursleyfi, er forstöðunefnd skólans veitir,
 - c. að hann hafi numið það, sem heimtað er til fermingar, svo sem bóklestur og skrift, og í reikningi: samlagning, frádrátt, margföldun og deiling í heilum tölum og tugabrotum."
3. grein "Reglugjörðar fyrir alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensburg", 1882.

Inntökuskilyrði til kennarakennslu við
Gagnfræðaskólann í Flensburg voru eftirfarandi:

"1. Að nemandinn hafi tekið burtfararpróf við gagnfræðaskóla, kvennaskóla, búnaðarskóla eða aðra skóla, er standa skólum þessum jafnfætis, eða sýni með því að standa próf fyrir kennöndum skólans, að hann hafi á annan hátt aflað sér nauðsynlegrar undirbúningsmenntunar. Þó gildir skilyrði þetta ekki fyrir þá, sem hafa verið kennarar við barnaskóla eða haft á hendi sveitakennslu.

2. Að nemendur séu fullra 18 ára að aldri og hafi óspillt mannorð. Yngri nemöndum en 18 ára má þó veita móttöku með sérstöku leyfi stiftsyfirvaldanna."

2. grein "Reglugjörðar fyrir kennarakennslu við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensburg", 1892.

Lengd námsins, fjöldi kennslustunda

Alþýðu- og Gagnfræðaskólinn í Flensburg starfaði í tveimur bekkjum á þeim tíma sem hér um ræðir. Skólinn var settur 1. október ár hvert og stóð kennslan yfir í sex mánuði, til 31. mars. Skólaárið 1883-1884 var kennsluvikan 26 stundir. 1907 jókst hún um 2 stundir og varð 28 stundir á viku.

Kennarakennslan við Flensborgarskóla var á árunum 1892-1896 sex vikna námskeið að loknu prófi úr gagnfræðaskólanum. Uppeldisfræði var kennd í eina kennslustund á viku í efri bekk gagnfræðaskólans. Haustið 1896 varð kennarakennslan heilt námsár að námi í gagnfræðaskóla, búnaðarskóla eða kvennaskóla loknu.

Kennarakennslan stóð yfir frá 1. október til 14. maí. Kennslustundir voru 33 á viku hverri.

Árið 1877 var nokkrum nemendum boðið uppá heimavist í Flensborgarskólanum. Stækkaði heimavistin síðan árið 1895 og varð þá fyrir 12-14 nemendur. Með nýja húsinu 1906 jókst heimavistarrýmið að miklum mun.

Námsgreinar

Námsgreinar í Gagnfræðaskólanum í Flensburg voru á árunum 1882 til 1907 eftirfarandi:

íslenska,
danska,
enska,
saga,
landafræði,
talfræði,
rúmfræði,
dráttlist,
náttúrufræði (undirstöðuatríðin í dýrafræði,
grasafræði, eðlisfræði og efnafræði),
söngur.

Leikfimi var meðal námsgreina í Reglugerð skólans, en hún mun ekki hafa verið kennd fyrr en eftir 1890.

Bóklegar námsgreinar í kennaradeild skólans voru:

íslenska,
danska,
landafræði,
náttúrufræði,
guðfræði,
uppeldisfræði,
tölvísi.
teikning.

Verklegar námsgreinar í kennaradeildinni voru:

kennsluæfingar í æfingaskóla,
söngur,
teikning.

Á árunum 1892-1896, meðan kennaranámið var aðeins 6 vikna námskeið var uppeldisiðnaður (slöjd) meðal námsgreina. Svo var ekki eftir að kennaranámið varð ársnám 1896.

Námsbækur

Íslenska:

Skýring hinna málfræðislegu hugmynda eftir H.Kr.

Friðriksson, kennd 1883 - 1884

Njáls saga, lesin 1883-1884 og 1898 - 1899.

Ritreglur eftir Valdimar Ásmundsson, kennd 1894 -
1907

Málgreinafræði eftir Bjarna Jónsson, lesin 1894 -
1903

Fornsögubættir, 1. bindi, kenndir 1899 - 1903

Fornsögubættir, 3. bindi, kenndir 1904 - 1907

Fornsögubættir, 4. bindi, kenndir 1905 - 1907

Ágrip af bókmenntasögu eftir Finn Jónsson, kennd 1900
- 1907

Íslenskar ljóðabækur, "lesnar nokkuð á víð og dreif"
1899 - 1903

Om modermaalsundervisningen eftir J. Nicolaisen,
kennd 1904 - 1905

Danska:

Börneven (2), eftir P. Hjort, kennd 1883-1884.

Dönsk lesbók eftir Steingrím Thorsteinsson, lesin
1883-1884 og 1906 - 1907.

Lesbók eftir Sveinbjörn Hallgrímsson, lesin
1883-1884.

Fjörutíu tímar í Dönsku eftir Þorstein Egilson, lesin
1883-1884.

Kennslubók í Dönsku eftir Jón Þórarinnsson og Jóhannes Sigfússon, lesin 1894 - 1907.

Dansk Læsebog eftir D.H.Wulff, lesin 1896-1898.

Mennesket og naturen eftir N. Juel Hansen, 1898-1901

Lesebog, eftir Emil Slomann, 1905 - 1906.

Íslandsk kultur, 1905 -1906.

Danske læsestykker eftir Otto Borchenius og Fr. Winkel Horn.

Íslands Blomster eftir Jón Sveinsson, 1906 - 1907.

Enska:

Ensk lesbók for Begyndere eftir Lökke, kennd 1883-1884.

Reading book for the use of schools eftir J.M.Cullochs, lesin 1883-1884.

Lesbók eftir Jón Ólafsson, lesin 1883-1884.

Kennslubók eftir G. Zoega, kennd 1894 - 1907.

Royal Reader 4, 1896 - 1906.

Engelske stiløvelser for middelskolen eftir Knudsen og Lökke 1897 - 1900.

Saga:

Ágrip mannkynsögunnar eftir Pál Melsteð, kennd 1883-1884, 1893 - 1901, 1904 - 1906.

Íslands saga eftir Þorkel Bjarnason, kennd 1894 - 1905.

Íslands saga eftir Boga Melsteð, 1904 - 1907.

Børnenes verdenshistorie og fædrelandshistorie for folkeskolen eftir Joh. Ottosen, 1901 - 1904.

Mannkynsaga eftir Þorleif Bjarnason, 1906 - 1907.

Landafræði:

Ágrip af landafræði eftir Ed. Erslevs, kennd 1883 - 1907

Lýsing Íslands eftir Þorvald Thoroddsen, kennd 1883 - 1897 og 1899 - 1907

Landafræði eftir Morten Hansen, kennd 1903 - 1904 og 1906 - 1907

Ný Lærebog i Geografi for Middelskolen eftir L. Horn,
kenn 1899 - 1907

Geografi I-II eftir Hinrik Madsen og B. Petersen,
kennd 1902 - 1904

Náttúrufræði:

Naturlære og lidt Kemi eftir J. S. Deichmann Branth,
lesin 1883 - 1884.

Hvers vegna-vegna þess, kennd 1894 - 1895

Kennslubók í náttúrusögu eftir Pál Jónsson, 1894 -
1907

Kennslubók í eðlisfræði eftir Karl Smidt, 1896-1907.

Menneskelegemets Bygning og Livsvirksomhed,
fremstillet med særligt hensyn til gavnlige
Legemsøvelser eftir Paul la Cour, 1896-1907

Saga jarðfræðarinnar eftir Þorvald Thoroddsen,
1898-1901

Mindre Lærebog i Fysik til Brug for Latinskoler,
Seminarer etc. eftir Karl Smidt, 1901 - 1903

Stjörnufræði (Sjálfsfræðarinn) eftir Björn Jensson,
1900 - 1901

Dyrerigets historie eftir Boas, 1899 - 1907

Tölvísi.

Reikningsbók eftir Eirík Briem, 1883-1884, 1894-1906

Reikningsbók eftir Þórð Thoroddsen, 1883-1884

Praktisk geometri eftir P. Deinball, 1894 - 1907

Flatarmálsfræði eftir Halldór Briem, 1894 - 1895.

Hovedregningsopgaver eftir Matzen, 1896 - 1897.

Reikningabók eftir Morten Hansen, 1903 - 1904

Praktisk regnebog eftir Meier, 1905 - 1907

Söngfræði:

Söngkennslubók eftir Jónas Helgason, 1883-1884,
1894-1897, 1899 - 1901 og 1906 - 1907

Dráttlist:

Vejledning i frihaandstegning, 2. hefti eftir

C.L.Pedersen, 1883 - 1884 og 1894 - 1895.

Forskriftar teikningar eftir Andersens, 1896 - 1903

Uppeldisfræði:

Pædagogikens Historie eftir M. Skard, 1896 - 1907

Grundtræk af Pædagogiken, eftir Cl. Wilken, 1896 -
1907

Menneskelegemets Bygning eftir Paul La Cour, 1898 -
1899

Guðfræði:

Ýmsir kaflar úr Guðspjöllunum, 1896 - 1903 og 1905 -
1907

Den Kristilige lære eftir Skat Rördam, 1898 - 1900

Lærdómskver eftir síra Helga Hálfðanarson, 1899 -
1902

Kristenlære eftir Gustav Jensen, 1902 - 1907

Fræði Lúters með skýringum, 1902 - 1903

Kennslutæki

Bókasafnið við Flensborgarskóla bar nafnið "Bókasafn lærisveina". Tekjur þess voru ársframlög nemenda, 1. króna frá hverjum. Árið 1907 voru á fjórða hundruð titlar í safninu. Þótti bókakosturinn vaxa hægt.

Hér fer á eftir listi yfir kennslutæki til landafræðikennslu, náttúrufræðikennslu og eðlisfræðikennslu - og er hann unninn uppúr ársskýrslum skólans. Árið 1902 birtist nákvæm skýrsla um kennslutæki skólans í ársskýrslunni og hér hefur því verið bætt við sem keypt var næstu 5 árin á eftir.

Landfræðisafn:

1 evrópukort (Sydow Habenicht)

2 veggkort

Jarðhnattkort

Jarðlíkan

Metodischer Wandatlas:

Australien und Polynesien

Asien

Süd-Amerika

Afrika

Erdkarten

Norðurálfukort eftir teikningu N. Petersen

Parmanns Skolekort over Det Hellige Land

Yfirlitskort yfir landslag, gróður og mannvirki

Billeder af Folkeslag fra fremmede Verdensdele eftir H. Leuteman

Uppdráttur Íslands eftir Björn Gunnlaugsson

Náttúrufræðisafn:

Lítið yfirlitskort yfir ýmislegt í náttúrunni

Dybdahls Zoologische Plancher (64 spjöld)

Anatomische Wandtafeln (1-4) eftir Dr. A. Fiedler

Planteatlas eftir Carl Hoffmann

Brehms Thierbilder

Talsvert safn af íslenskum fuglum

Eðlisfræðisafn:

Glóðarlampi

Rafmagnsvél

Leyðener-flaska

Segulstál

Segulnál

Flotvog

Hallandi

Spegill (plan og concav)

Smásjá

Járnstandur (til þess að setja á vogararm)

Vogarstöng

Miðflótttaafllsvél (með ýmsum áhöldum)
Magdeborgarkúlur á járnfæti
Gúmmikúla með pípu (til að sýna útpenslu loftis)
Spirituslampi
Áhald til að sýna útpenslu af hita
Samanhnoðuð stál- og eirflaga
Áhald til að sýna mismunandi hitaleiðslu málma
Askja með járnsvarfi
Glas með sáld og járnsvarfi
Kvísl til að sameina tvær tegundir rafmagns
Rafmagns-batteri
10 álnir af eirpræði
Rafmagnssegull
Rafmagnshreyfivél
Rafmagnsklukka
Telegraf með lykli
Glóðarlampi á fæti
Þráðtelefon
Tónkvísl
Safngler og dreifigler
Þristrent gler (prisma)
Litakringla
Tellurium með lunarium

Annað:

30 veggstöflur til teiknikennslu
11 tveggja manna skólaborð, sérsmíðuð í Kristfaniu

Möðruvallaskóli / Gagnfræðaskólinn á Akureyri

Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum í Hörgárdal telst stofnaður árið 1877, með því að þá hlutu staðfestingu lög um skólann og heimild var gefin fyrir skólahúsbyggingu á kostnað landsjóðsins.

Þessi skólastofnun á sér, að því er virðist, ekkert mjög langan aðdraganda. Á sýslufundi í Eyjarfjarðarsýslu í febrúar 1875 var séra Arnþjóti Ólafssyni á Bægisá falið að búa undir þing stofnun "þjóðskóla" á Norðurlandi. Tillaga var síðan borin fram á Alþingi 1875 um að 10 þúsund krónum skyldi varið til "undirbúnings gagnfræðisskólastofnunar á Möðruvöllum í Hörgárdal." (Alþt 1875 I 107, hér tekið úr Sögu Menntask. á Ak., I 19) Fyrsti flutningsmaður hennar var Eggert Gunnarsson. Tillagan var samþykkt. Lög um skólann voru staðfest árið 1877, eins og fyrr segir og aftur 1881. Skólinn var settur 1. október 1880 í nýreistu húsi og fyrsti skólastjóri hans var Jón Andrésón Hjaltalín, bókavörður. Fyrstu tvö árin var skólinn í raun gagnfræðaskóli og búnaðarfræðsla tengd við hann. Árið 1882 tók svo ný reglugerð gildi og var búfræðikennslan, verkleg og bókleg, lögð niður.

Skólastofnun á Möðruvöllum naut stuðnings allra norðlendinga og virðist svo sem menntamenn og embættismenn á norðurlandi hafi allir lagst á eitt við að fá "æðri skóla" norður.

Það var þó aldrei góður friður um skólann á Möðruvöllum. Bæði var staðarmönnum gjarnt að lenda í hár saman og þá voru ekki síður ýmsar hugmyndir sífelldlega á lofti um að leggja skólann niður, breyta honum í búnaðarskóla, flytja hann til Akureyrar og e.t.v. fleiri. Mikil breyting varð hér á eftir að Gagnfræðaskólinn á Akureyri var stofnaður.

Möðruvallaskólinn starfaði í skólahúsi sem fullgert

var haustið 1879. Það var 165 fm að grunnfleti, tvílyft timburhús, múrað í binding, og var allgott ris yfir. Hús þetta þótti ekki mjög vandað og sérstaklega kalt. Því var og illa við haldið. Það brann 22. mars 1902. Á Möðruvöllum var leikfimi kennd í svokölluðu leikhúsi. Það var byggt 1881 og er einnar hæðar timburhús með risi. Leikhúsið var að hluta til notað undir geymslur, en í leikfimisal þess voru dansleikir haldnir.

Skólaárin 1902-1903 og 1903-1904 fékk skólinn afnot af nokkrum stofum hjá Barnaskóla Akureyrar, síðdegis, eftir kennslu hjá Barnaskólanum. Haustið 1904 hóf Gagnfræðaskólinn á Akureyri göngu sína. Það var í nýju húsi við Eyrarlandsveg. Það hús stendur enn. Það er nálægt 570 fm að flatarmáli, kjallari, tvær hæðir og hátt ris yfir. Skólinn eignaðist leikfimishús haustið 1905. Í þessu skólahúsnæði starfar nú Menntaskólinn á Akureyri.

Markmið skólans

Skólinn tók til starfa árið 1880 sem "gagnfræðisskóli". Hann virðist hafa átt að veita bændaeftum almenna þekkingu, bæði bóklega og verklega. Árið 1882 er skólanum sett ný reglugerð, þar sem markmið skólans eru sett:

"Ætlunarverk skólans er að veita þeim, sem í hann ganga, almenna menntun"

1. grein "Reglugjörðar fyrir gagnfræðaskólann á Möðruvöllum", 1882.

Breytingin sem í þessu fólst var nokkuð gagnger. Hin "almenna menntun" var bókleg og allri verklegri kennslu var hætt.

Með stofnun gagnfræðaskólans á Akureyri verður hér engin breyting á:

"Markmið skólans er að veita þeim, sem í hann ganga, almenna menntun"

1. grein "Auglýsingar um reglugjörð fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri", 1905.

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrða er ekki getið fyrr en í reglugerðinni frá 1882. Þau eru nokkuð rúm, og ástæða er til að ætla að svipaðar reglur hafi gilt í þau tvö ár sem skólinn hafði þá starfað. Þau eru eftirfarandi:

"Áður en nokkur piltur kemst í skólann, verður hann að sýna skilríki fyrir því,

- a. að siðferði hans sje óspillt,
 - b. að hann sje bólusettur,
 - c. að hann sje fermdur,
 - d. að hann sje vel læs og skrifandi,
 - e. að hann þekki svo stafsetningu móðurmáls síns, að hann kunni að skrifa það stórlýtalaust."
3. grein "Reglugjörðar fyrir gagnfræðaskólann á Möðruvöllum", 1882.

Skilyrði fyrir inntöku í gagnfræðaskólann á Akureyri urðu síðan þau að umsækjandi væri fullra 14 ára, með óspillt siðferði, væri ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi og lagði fram vottorð frá skóla þeim sem síðast var stundað nám við, eða frá þeim sem bjó hann undir námið.

Gagnfræðaskólinn veitti inntöku jafnt stúlkum sem piltum.

Auk þessa skyldi umsækjandi standast inntökupróf. Prófað var í: íslensku munnlegri og íslensku skriflegri, reikningi, skrift, dönsku, sögu og landafræði.

Lengd námsins, fjöldi kennslustunda.

Nám við Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum tók á árunum 1880 til 1882 tvö og hálf ár. Höfðu nemendur þá setið tvö skólaár í vetrarskóla og sumarskólann sem haldinn var þar á milli. Skólaárið hófst 1. október og lauk 30. september. Vetrarskóli starfaði frá 1. október til 30. maí og sumarskóli frá 1. maí til 30. september. Í vetrarskóla fór fram bókleg kennsla, en í sumarskóla verkleg (túnsléttur, garðahleðslur og áveitur skv. skólaskýrslum 1880-1881).

Frá 1882 varð sú breyting að skólaárið var frá 1. október til 14. maí. Skólinn varð tveggja vetra skóli. Skólustjóra var gert að semja "lestöflu" fyrir hvert skólaár og þurftu stíptsyfirvöld að samþykkja hana. Yfirleitt var kennt í 31 til 33 klukkustundir í viku hverri (og eru þá leikfimi og söngur meðtalin).

Við Gagnfræðaskólann á Akureyri voru kenndar 36 stundir á viku, eða sex 50 mínútna stundir á degi hverjum. Af þessum 6 stundum á dag skyldi verja 1 til handavinnu, leikfimi eða söngs. Skólinn hófst 1. október og stóð til 31. maí. Nám við skólann tók 3 ár.

Námsgreinar

Fyrstu tvö árin sem skólinn starfaði voru kennslugreinar:

"... íslenska, danska og enska, nýja sagan, einkum saga Norðurlanda, stutt landafræði, einfaldur reikningur og af náttúrufræðum, einkanlega meginsetningar aflfræðinnar, efnafræðinnar og steinfræðinnar."

Einnig skal:

"... veita tilsögn í dráttlist, og verklegri og bóklegri búfræði."

Úr 1. og 3. gr. "Laga um gagnfræðaskóla á Möðruvöllum", Rbh., 1879.

Árið 1882 urðu kennslugreinarnar svo:

"... íslenska, danska, enska, saga og landafræði, einkum þó landafræði og saga landsins ásamt yfirliti yfir löggjöf þess í landsrjetti og landsstjórn; reikningur, rúmfræði og landmæling, einföld dráttlist, og í náttúrufræði meginatriði úr mannfræði, dýrfræði, grasfræði, steinfræði, jarðfræði, eðlisfræði og efnfræði, söngur og leikfimi."

2. grein "Reglugjörðar fyrir gagnfræðaskólann á Möðruvöllum", 1882

Landmæling og dráttlist voru aldrei kennd og búfræði ekki frá 1881. Söngfræði var kennd 1882 - 1893. Leikfimi var kennd 1881 - 1884, 1887 - 1895 og svo frá 1905 í nýju leikfimi húsi á Akureyri.

Í Gagnfræðaskólanum á Akureyri skyldi kenna: íslensku, dönsku, ensku, sögu, félagsfræði, landafræði, náttúrufræði, stærðfræði, teikningu, handavinnu, leikfimi og söng.

Námsbækur

Listi sá sem hér fer á eftir yfir námsbækur í Möðruvallaskóla og við Gagnfræðaskólann á Akureyri er tekinn úr ársskýrslum skólanna fyrir árin 1887 til 1907.

Íslenska:

Oldnordisk Læsebog eftir Wimmer, kennd 1887 - 1907

Íslensk mállýsing, handrit, eftir Jón A. Hjaltalín, kennd 1887 - 1907

Bókmenntasaga Íslands frá elztu tímum íslenzkra bókmennta til 1400, handrit, eftir Jón A. Hjaltalín, kennd 1887 - 1906

Mállýsing eftir Halldór Briem, kennd 1906 - 1907

Fornsögupáttir III lesnir og skýrðir 1906 - 1907

Danska:

- Dansk Börneven Første og Anden Afdeling eftir Hjort,
kennd 1887 - 1890
- Fjörtíu tímar í dönsku eftir Þorstein Egilsson, kennd
1888 - 1893
- Kennslubók í Dönsku eftir Jón Þórarinsson og Jóhannes
Sigfússon, kennd 1890 - 1902
- Dansk Læsebog eftir Larsen, kennd 1891 - 1895
- Ny dansk Læsebog, tredje Del eftir M. Matsen, kennd
1895 - 1899
- Livet i Verden eftir N. Juel Hansen, kennd 1899 -
1907
- Dönsk lestrarbók eftir Steingrím Thorsteinsson, kennd
1902 - 1907

Enska:

- Nelson's Royal reader, Nr. IV, kennd 1887 - 1888,
1892 - 1895, 1896 - 1897
- Nelson's Royal reader, Nr. V, kennd 1889 - 1892, 1895
- 1907
- Nelson's Royal reader, Nr. II, kennd 1895 - 1896
- Nelson's Royal reader, Nr. III, kennd 1896 - 1897
- Ensk lestrarbók eftir Jón A. Hjaltalín, kennd 1888 -
1907

Saga:

- Ágrip af mannkynssögunni eftir Pál Melsteð, kennd
1887 - 1907
- Hin stærri veraldarsaga eftir Pál Melsteð, kennd 1887
- 1888
- Ágrip af sögu Íslands eftir Þorkel Bjarnason, kennd
1887 - 1904
- Stutt yfirlit yfir löggjöf og landstjórn Íslands,
eins og hún er nú eftir Jón A. Hjaltalín, kennd
1888 - 1906
- Íslenskt þjóðerni eftir Jón Jónsson, fyrirlestrar
I-V, lesið 1903 - 1904
- Stutt kennslubók í Íslendingasögu eftir Boga Th.

- Melsteð, kennd 1904 - 1905
Ágrip af Íslandssögu eftir Halldór Briem, kennd 1905
- 1907
Hvernig er oss stjórnað? eftir Jón A. Hjaltalín,
kennd 1906 - 1907
Historisk Læsebog for Mellemskolen eftir N.S.
Gjerløff, kennd 1906 - 1907

Landafræði:

- Lærebog i Geografien eftir Dr. E. Löffler, kennd 1887
- 1897
Landafræði eftir Ed. Erslev, kennd 1887 - 1888
Lýsing Íslands eftir Þorvald Thoroddsen, kennd 1887 -
1907
Lærebog i Geografi for Amtsskolen og Folkehøjskolen
eftir C.W. Ludvig Horn, kennd 1894 - 1899
Større Lærebog i Geografi eftir F. Dahlberg, kennd
1898 - 1904
Geografi for Mellemskolen, Nr. 2, eftir C.C.
Christensen, kennd 1904 - 1907
Danmerkurlýsing, í handriti, eftir Stefán Stefánsson,
kennd 1904 - 1905
Geografi for Mellemskolen, Nr. 1, eftir C.C.
Christensen, kennd 1905 - 1907
Lille Geografi eftir C.C. Christensen, kennd 1905 -
1906

Náttúrufraði:

- Um eðli og heilbrigði mannlegs líkama eftir Jónas
Jónassen, kennd 1887 - 1892
Náttúrusaga eftir Pál Jónsson, kennd 1887 - 1888
Höfuðatriði eðlisfræðinnar, sennilega í handriti,
eftir W.G.S. Paterson, kennd 1887 - 1888
Fyrirlestrar Stefáns Stefánssonar, m.a. um gróðurríki
Íslands, eðlisfræði o. fl.
Lærebog i Botanik eftir V. A. Poulsen, kennd 1888 -
1901
Lærebog i Zoologien, Nr. 2, eftir Chr. Fr. Luutken,

kennd 1889 - 1894

Jarðfræði eftir Þorvald Thoroddsen, kennd 1889 - 1907

Mineralogi eftir O.A. Corneliussens, kennd 1890 -
1891

Det menneskelige Legeme eftir Edward Sverdrup, kennd
1892 - 1907

Naturlære eftir A. Utne, kennd 1893 - 1894

Lærebog i Fysik for Middelskolen eftir K. Getz, kennd
1894 - 1898

Lærebog i Dyrerigets Naturhistorie til Skolebrug,
norsk útgáfa, eftir J.E.V. Boas, kennd 1894 - 1907

Kennslubók í náttúrufræði handa alþýðuskólum eftir
Karl Schmidt, kennd 1898 - 1900

Fuglatal og fiskatal eftir Benedikt Gröndal, kennd
1898 - 1899

Naturlære eftir V. Borgen, kennd 1900 - 1907

Plantelivet eftir Eug. Warming, kennd 1901 - 1907

Flóra Íslands eftir Stefán Stefánsson, kennd 1901 -
1907

Stærðfræði:

Reikningsbók eftir Eirík Briem, kennd 1887 - 1906

Praktisk Geometri eftir G. Krogh, kennd 1887 - 1888

Kennslubók í flatarmálsfræði eftir Halldór Briem,
kennd 1889 - 1907

Kennslubók í þykkvamálsfræði eftir Halldór Briem,
kennd 1892 - 1906

Praktisk Regnebog, 2. Del, eftir N. Meyer, kennd 1905
- 1906

Reikningsbók eftir Jónas Jónasson, kennd 1906 - 1907

Aremetik for Mellemskolen eftir T. Bonnesens, kennd
1906 - 1907

Söngfræði:

Söngfræði eftir Jónas Helgason, kennd 1887 - 1888 og
1889 - 1890

Stafróf söngfræðinnar eftir Björn Kristjánsson, kennd
1888 - 1893

Kennslutæki

Svo virðist sem nemendur Möðruvallaskóla og Gagnfræðaskólans á Akureyri hafi orðið að leggja sér til kennslubækur, ritföng og annað þess háttar.

Um bókasafn er það helst að segja að árið 1902, þegar brann á Möðruvöllum, var bókasafnið þar metið á 6000 krónur. Það sem bjargaðist af því var metið á 1260 krónur, þannig virðast um 3/4 hlutar safnsins hafa brunnið. Hins vegar segir Ólafur Davíðsson í skýrslu um brunann í "Norðurlandi" 29 mars 1902 að megnið hafi bjargast úr bókaloftinu. Í skýrslu sama ár segir skólastjórinn, Jón A. Hjaltalín, svo frá að mestallt bókasafn skólans hafi bjargast óskemmt og verið borið úti kirkju, svo og allir náttúrugripir skólans og kennsluáhöld. Eitthvað brotnaði samt af þeim "og sumt glataðist alveg". Síðar í sömu skýrslu segir Jón A. Hjaltalín:

"Skólinn missti mikið af bókum, kennsluáhöldum, náttúrugripum..."

Skólinn eignaðist töluvert af bókum á hverju ári. Voru það bæði gjafir og einnig keypti skólinn bækur. Samkvæmt skólaskýrslunum 1888 til 1902, er brann, eignaðist skólinn 12 - 140 bækur árlega, en oftast nálægt 30 bókum. Á þessum sömu árum eignaðist skólinn samtals 536 bindi af bókum og tímaritum.

EKKI er gott að giska á hversu margir bókatitlar voru í safninu eftir brunann. Á árunum 1902 til 1906 fékk skólinn síðan u.þ.b. 180 bækur til viðbótar. Samkvæmt lýsingu í Sögu Menntaskólans á Akureyri, I 275, á bókasafni skólans, er það var til húsa í "suðursal", var það allmyndarlegt safn, - þannig að e.t.v. hefur drjúgur hluti bókanna frá Möðruvallaskóla varðveist, eins og raunin varð á um náttúrugripasafnið.

Kennslugögn skólans virðast að öllu öðru leyti hafa

takmarkast við landafræði og það sem nefnt var náttúrufræði og var mjög breitt fræðisvið (grasafræði, dýrafræði, jarðfræði, efnafræði, eðlisfræði). Á því 20 ára tímabili sem hér er til athugunar var Stefán Stefánsson kennari skólans í báðum námsgreinunum.

Töluvert af gögnum til landafræðikennslu virðist hafa safnast saman. Hér fer á eftir skrá yfir þau:

Hinn minni uppdráttur Íslands eftir Björn Gunnlaugsson

Skoleatlas II eftir G. Hvejsel

Rom's Geografiske Billeder

Korthnöttur (Globus) eftir Weiland og Kettler

Stielers Handatlas hinn stærri (95 Karten)

Stóra Íslandskortið

Debes Schulatlas fuer die mittleren Unterrichtsstufen

Jarðgönguvél (tellurium) sem sýndi gang jarðarinnar

kringum sólina og gang tunglsins kringum jörðina

Stórt veggkort yfir Evrópu úr E. V. Sydows physischer

Wand-Atlas

Uppdráttur Íslands hinn meiri eftir B. Gunnlaugsson

Völkertypen eftir H. Leutemann

6 stórar veggmyndir af Eskimóum, Kínverjum, Hindúum,

Negrum og Ástralíumönnum, ásamt helstu búshlutum

þeirra, vopnum o.s.frv.

Taschen-Atlas eftir Justus Perthes

Stór veggkort yfir Evrópu, Asíu og Afríku

Kiepert Schul- Wand-atlas der Laänder Europas

Pólitísk veggkort yfir Bretlandseyjar og Skandinavíu

A. Kirchof und A. Lupan's Charakterbilder zur

Laänderkunde

Stór litmynd af frumskógi

A. Lehmann's Geographische Charakterbilder

Mynd af Apenu, New York, Jerúsalem,

Kölnardómkirkjunni, Rínarfossinum við

Schaffhausen, Frans-Jósefsfirðinum á Grænlandi o.

s. frv.

Kort yfir Norður og Suður Ameríku

E. Debes Phyzikalische Erdkarte

Veggmyndir, m.a. 6 mjög skrautlegar myndir af þessum kúltúrplöntum: Kaffi, the, bómmull, tóbaki, pipar, gúmmí og cacao; sýna myndirnar fyrst og fremst plönturnar eða parta af þeim í fullri stærð, ræktunaraðferð og alla meðferð á afurðum þeirra, partil þær eru orðnar verslunarvara.

Auk þessa kemur fram í ársskýrslum að ný kort og myndir hafa verið keypt á hverju ári. Þess er einnig getið að þessi kort og þessar myndir og hjálpartæki öll hafi verið notuð við kennsluna.

Kennsluáhöld og gögn til náttúrufræðikennslu voru fjölmörg og um langt árabíl helsta stolt Gagnfræðaskólans á Akureyri. Safn Stefáns Stefánssonar af plöntum og jurtum hvers konar, innlendum og erlendum, var líka fágætt og raunar einnig safn hans úr dýraríkinu, líffræðisafnið. Upplýsingar um það, raunar ýtarlega upptalningu, er að finna í ársskýrslu skólans frá 1906 og er hún hér óbreytt. Til stóð að gera plöntu- og jurtasafninu sömu skil í ársskýrslunni 1907, en af því varð ekki. Því er listinn yfir það tekinn saman eftir ársskýrslum frá 1887 til 1900. Á þeim árum voru alltaf tilgreindar gjafir Stefáns til skólans, en ekki eftir aldamótin. Þó er ljóst af sömu heimildum að Stefán hefur haldið áfram að auka við safn skólans.

Listann yfir eðlisfræðiáhöld Gagnfræðaskólans á Akureyri er að finna í ársskýrslunni 1907, en þá var verulegu fé varið til kaupa á kennslutækjum í eðlisfræði. Listinn yfir eðlisfræðiáhöld í Möðruvallaskóla er tekinn uppúr ársskýrslum. Gera má ráð fyrir að mestur hluti þess safns hafi enn verið til árið 1907 í Gagnfræðaskólanum á Akureyri.

Skólinn átti nokkuð mikið af myndum og kortum til

stuðnings kennslunni í náttúrufræði og sérstaklega er getið um dýramyndir Brehm's og "hinar frægu" spendýramyndir eftir Specht í ársskýrskunni 1890.

Það er fastlega gefið í skyn í ársskýrslum skólans að Stefán Stefánsson hafi notað öll þessi gögn við kennslu sína. Minningar ýmissa gamalla nemenda skólans styðja það.

Líffræðisafn Gagnfræðaskólans á Akureyri og Möðruvallaskóla:
-----spendýr

hausbbein af manni ,í.
útlímabein af manni ,d.
lómundur ,n
akurmús ,d.
húsmús, fóstur í spritti, í.
mús, nýgotinn yrðlingur.
íhorni, n.
kanína, d.
snæhéri, n.
hnífsukálfur í spiritus
hnísa, fóstur í spritti, í.
hausbein af mjaldi, n.
hausbein af moldvörpu
hausbein af greifingja
hausbein af héra
hausbein af vöðusel, í.
hausbein af landsel
hausbein af útsel
landselur, fóstur í spritti, í.
hausbein af kampsel, í.
hausbein af ketti, í.
beinagrind úr apa
skógmörður, n.
hreysiköttur, d.
hausbein af ísbirni, zool.m.Kbh.
hausbein af hundi, í.
hausbein af tófu, í.
naut, fóstur í spritti, í.

lamb, 5 vikna gamalt fóstur í spíritus
hausbein af ferhyrntum hrút, f.
hreindýr, f.
snjaldurmús, Zool.M.Kbh.
broddgöltur, d.

fuglar

páfagaukur, Vestur Afríka.
gaukur, n.
kolibrifuglar, zool.m.Kbh.
lævirki, n.
svala, n.
bláhrafnar, f.
skjór, n.
starar, f.
auðnutittlingur, f.
músarrindill, n.
maríuerla, n.
hausbein úr bóktittlingi
hausbein úr söngpresti
hausbein úr svartpresti
svartpröstur, f.
trjáugla, f.
höfuð af uglu.
hausbein af fálka, f.
smirill, n.
höfuð af erni.
hrossagaukur, n.
skógsnípa, f.
keldusvín, f.
blesönd, n.
heiðlóur, f.
hegri, n.
straumandarbliki
straumönd, f.

urt, f.
langvía, f.
náteista, d.
lundí, n.
flórgoði, f.
himbrimi eða brúsi, f.
grámáfur, n.
ísmár, f.
rjúpa, f.
piður, n.

skriðdýr

skjaldbaka.
sæskjaldbaka.
höggormur, n.
kameleon.
ferfætla.
snákur

froskdýr

froskur í spritti, d.
froskur, úttroðinn, d.
beinagrind úr aborra
beinagrind úr froski
klukkuborrfroskur í spritti, d.
padda, d.
salamandra.

fiskar

grásleppuungar

sánál, Zool.M.Kbh.

broddafiskur.

blágóma, n.

hrognkelsi, f.

steinbitur, f.

steinbitur, ungi

skerjasteinbitar, n og f.

markrifi, f, d og n.

stýrifiskur, d.

flyðra, ungi

hornsili, mjög stórvaxin, tekin úr Hlaup tjörn sunnan

undir Lómagnúp

karfar, n og f.

marhnútur, f.

sexstrendingur, f.

gullfiskur

gómtanni, f.

þaranál

beltisfiskur.

litfari.

rauðdepla, f.

þorskar, f

ýsa, f.

ýsa, ungi

ufsi.

lýsa, f

löngur, f.

blákjapta, f.

sand síli, f.

geirspyrðlýngur, f.

sprettargfiskur

flugfiskur.

flugyrrir

áll, n.

lækjarsilungur, f

hafsild, f

kópsild.

sardína

tindabikkja, f.

skoltbein með tönnum úr skötu, d.

skoltbein með tönnum úr skrápskötu, d.

hákarl, n.

hákarlsskafl

kattháfur

lindýr

smokkur í spritti, n.kúskel, f.

báruskel, f.

bergæta.

hreisturbakur, f.

kræklingur.

aða, f.

smyrlingur, f.

halllokur.

dvergskel, f.

olnbogaskel, f.

lyngbobbi í spritti, f.

landkuðungar, allstórvaxnir, úr Breiðdal

stór snígill

brekkusnígill í spritti, mjög stórvaxinn, f.

skeljasafn

lungnasniglalíkun úr gipsi í kassa með glerloki

líðdýr

krosskongulo, f.

íslenskar kóngulær, ónafngreindar.

heypurka, f.

skorpion í spritti.

flugur, nokkrar ísl. tegundir.

silkifiðrildi með púpum í silkihulstrum.

kassi með enskum fiðrildategundum, þurrkuð og sett upp á nálar
skrautfiðrildi, f.

hunangsflugubú

broddflugur eða hvespur með parti af býli

maurfluga í spritti

bjöllur, ísl. tegundir.

engisspretta í spritti.

fjölfætla í spritti

margfætlur í spritti.

krabbi (marþvarategund)

vatnaskrabbi í spritti, n.

kuðungakrabbi, afarstór.

kuðungakrabbar í spritti.

marþvari í spritti, f.

marfló í spritti, f.

þanggeit í spritti, f.

óskabjörn, þurrkaður

óskabjörn í spritti, f.

grápadda í spritti, f.

hrúðukarl í spritti, f.

hrúðukarlar á skeljum

stórrúðukarl á hvalbækli.

ormapípur á þangi

helsingjanef.

blóðigla.

skeri, f.

fjörumaðkur, f.

ánumaðkur, óvanalega stór, f.

pípuormur, f.

lungnaormur, f.

geisladýr (skrápdýr)

sæbjúgu ,
brimhrútar, í
ígulker,
slöngustjarna, í
krossfiskar, í
sæsólir, í
sæffill, í
salamandri

steinar og bergtegundir

steinasafn (yfir 1000 exempl.)
kvarsit, tvær tegundir
tinna bergkrystall
kalsedon, dropsteinar, í
kalcedon lag innan úr bergholu
hveralyhrúður frá Geysi
kalksteinn úr Esjunni
marmari, hvítur útlendur og úr Hornarfirði
marmari, dökkur með ljósum æðum
krít með ígulkersbroti
silfurberg
kol af Tjörnesi
steinkol
anthracit
surtarbrandur, frá Tröllatungu og úr Fnjóskadal
mór, pressaður, d
mór, íslenskur úr Þverármýrum í Eyjafirði, harður,
kolkenndur
móflögur af Skeiðarársandi er borist hafa fram í
jökulhlaupum
fornviður af Skeiðarársandi
stigmarfa, steingjörfingur

steindur viður af glerárdal
granít, ýmsar tegundir
poríphyr, rauður frá Egyptalandi
poríphyr, dökkur
liparít eða baulusteinn, 2 tegundir
hrafntinna með dílum
vikur
bíksteinn, gulur
basalt
blágrýti, ýmsar tegundir
tachylít, basaltsglerungur
grásteinn, holóttur, silfurberg í holunum
hraunmoli, mjög járnkenndur
víkurkol
gabbro, horngrýti úr Versturhorni við lón austur
glimmer eða gljáflögur með granötum
gneis
leir
skeljabreccia úr Hallbjarnarstaðakambi
feldspath
granat, stór rauður
glimmer
járnvitriol
járnoxýd, rið
stangajafn
galvaníserað járn
cyanjárnkalíum
járn málmur
mönfa
beinaska

annað

brimbútur

Flöntusafn Gagnfræðaskólans á Akureyri og Möðruvallaskóla:
-----Æðplöntur

lambagrass
ljósberi
laxerlin (villilin)
melablóm
litlahrafnaklukka
hrafnaklukka
týsfjóla
þrenningsgras
brennisóley
skriðsóley
jöklasóley
brjóstagrass
fjalldala
gullmura
sauðamergur
ljónslappi
engjarós
holtasóley
hrosstagl
saxifraga
þúfusteinbrjótur
gullbrá
snæsteinbrjótur
mýrasóley
burnir
beitiling
flagablómlundjurt
sýkisgras

aðalbláberjalyng
lokasjóðsbróðir
marfuvöndur
litli marfuvöndur
þursaskegg
lindasef
gulmaðra
loðpuntur
jakobsffill
refskott
gullintoppa
liðapúntur
ólafssúra
vallarsveiflugras
naflagras
rauðvingull
gráviðir
uxatunga
fjallaærupris
bergærupris
fjögralaufasmári
smári
umfeðmingsgras
hrútaber
jarðaber
mjaðurt
silfurmura
marfustakkur
eyrarrós
blágresi
fræhyrna
skurfa
mýrafjóla
kattarbalsam
hjartarfi
kúmen
sortulyng
gleym mér ey

baunagras
þyrnirós
mývatnsbrúða
þríhyrnuburkni
grámulla
gulvíðir
stóranetla
kræklurót
flóarjurt
reyrgresi
mariuvöttur
reynir
sigurskúfur
purpurablóm
fjöruarfi
söldögg
vetrarlaukur
klettafrú
höfsóley
skarvakál
þúsunddyggðajurt
gulsteinbrjótur
helluhnoðri
meistarajurt
bláberjalýng
lyfjagras
tröllastakkur
lokasjóður
blálilja
dýragras
ilmbjörk
grasvíðir
brenninetla
kornsúra
blóðarfi
heimúla
hundasúra
munkahetta

vegarfi
lækjafræhyrna
skriðsóley
dvergásóley
trefjasóley
melasól
fjallmelablóm
gráhært vorblóm
stutthært vorblóm
fjalla vorblóm
steinajurt
mosa steinbrjótur
blóðdrekkur
gullkollur
ætistönn
geitla
bláklukkulyng
kókosnot-ávöxtur
kónglar af ýmsum barrtrjám
mafskólfur
Melampyrum silvaticum (fundin 1893 í Ísafjarðardal)
melasol
Gnaphalium silvaticum
Juncus castaneus
Cardamine bellidifolia
Trifolium (smári)
Acer macrophyllum -blað
Aesculus hippocastanum
A. obtusatus
Alnus serrulata, grein með blöðum
Aristolochia tomentosa, blað
Asclepias cornuti, blað
Betula verrucosa, grein með bl. (björk)
Biota orientalis, - -
Buxus sempervirens - -
Carpinus caroliniana - - og ávöxtum
Castanea vesca, blað og ávöxtur
Cephalotaxus drupacea, grein með bl.

<i>Cerasus mahaleb</i> ,	-	-	og ávöxtum
<i>Crataegus prunipolia</i>	-	-	
<i>Dictamnus albus</i> ,blað			
<i>Elaeagnus argentea</i> , grein með bl.			
<i>Fagus silvatica</i>	-	-	
<i>Ginco biloba</i>	-	-	
<i>Hydrangea quercifolia</i> ,blað			
<i>Ilex aquifolium</i> , grein með bl.			
<i>Latyrus silvestris</i>	-	-	
<i>Liriodendron tulipifera</i> ,blað			
<i>Madura aurantiaca</i> ,grein með bl.			
<i>Platanus occidentalis</i> ,blað			
<i>Pyrus prunifolia</i> , grein með bl.			
<i>P. spectabilis</i>	-	-	
<i>Quercus castaneaefolia</i>	-	-	
<i>Q. rubra</i>	-	-	
<i>Rubus idaeus</i> ,blað			(rifsber)
<i>Salix viridis</i>	-	-	(viðir)
<i>Sorbus aria</i>	-	-	(sólber)
<i>S. aucuparia</i> blöð	-	-	
<i>Syringa oblata</i>			
<i>Tamirix indica</i>	-	-	
<i>Taxodium distichum</i>	-	-	
<i>Tilia europea</i> , grein og ávextir			
<i>Tuja warreana</i> , grein með bl.			
<i>Tropaeolum</i> , blöð			
<i>Ulmus campestris</i>			
<i>Juniperus alpina</i>			
<i>Trioglochin maritimum</i>			
- <i>palustre</i>			
<i>Potamogeton marinus</i>			
- <i>natans</i>			
- <i>perfoliatus</i>			
- <i>pusillus</i>			
- <i>rufescens</i>			
<i>Juncus balticus</i>			
- <i>filiformis</i>			
<i>Luzula arcuata</i>			

- multiflora
- spicata
- Carex alpina
 - ampullacca
 - canecens
 - capillaris
 - capitata
 - chordorhiza
 - cryptocarpa
 - dioica
 - festiva
 - incurva
 - microglochin
 - nardina
 - rariflora
 - rigida
 - vaginata
 - vulgaris
- Heleocharis palustris
- Scirpuscaespitosus
- Agropyrum repens
 - violaceum
- Agrostis alba
 - vulgaris
- Aira caespitosa
 - flexuosa
- Anthoxanthum odoratum
- Calamagrostis stricta
- Catabrosa aquatica
- Elymus arenaria
- Festuca ovina
- Glyceria distans
- Milium effusum
- Nardus strictus
- Poa alpina var, vivipara
- Poa annua
- Secale cereale
- Sparganium hyperboreum

Cocloglossum viride
Habenaria albida
Listera cordata
Orchis maculata
Platanthera hyperborea
Salix glauca herbacca
Betula alpestris
Alsine biflora
- verna var. propinqua
Sagina linnei
- nodosa
- procumbens
Stellaria crassifolia
- media
Atriplex patula
Chenopodium album
Montia rivularis
Batrachium drouetii
Cacile maritima
Draba nivalis
Subularia aquatica
Callitriche hamulata
- stagnalis
Saxrfraga cernua
- oppositifolia
- rivularis
- stellaris
Lathyrus pratensis
Epilobium lactiflorum
Myriophyllum alterniflorum
Cornus svecica
Pyrola minor
Diapensia lapponica
Oxycoccus palustris
Vaccinium vitis idæa
Primula stricta
Limosella aquatica
Veronica officinalis

Veronica scutellata
- serphyllifolia
Plantago lanceolata
- major
- maritima
Lappula myosotis
Brunella vulgaris
Galeopsis tetrabit
Gentiana amarella
- aurea
- campestris fl. alao
- cerrata
Menyanthes trifoliata
Galium trifidum
- uliginosum
Campanula rotindifolia
- uniflora
Antennaria alpina
Cirsium arvense (danskt)
Gnaphalium uliginosum

cryptogamæ vasculares (lágplöntur)

Botrychium lunaria
Ophioglossum vulgatum
Blechnum spicant
Lastræa spinulosa
Polipodium vulgare
Woodsia ilvensis var. hyperborea
Equisetum arvense
- hiemale
- limosum
- palustre
- umbrosum
Lycopodium alpinum
- amotinum
- selago

parategundir (frumverur)

Aearospora sp.
Alaria sp.
Ascophyllum nodosum (klapparpang)
Chorda filum
Chordaria flagelliformis
Chatomorpha melagonium
Desmarestia aculeata
Enteromorpha sp.
Fucus inflatus
Fucus vesiculosus
Halosaccion ramentaceum
Hildbranthia rosea
Laminaria saccharina
Odonthalia dentata
Polysiphonia sp.
Porphyra miniata
Porphyra umbilicalis
Ptilota sp.
Rhodymenia palmata
Saccorhiza dermatodea
Vatnapparar
Cystopteris fragilis
Phegopteris alpestris
- dryopteris

fléttur

Alectoria ochroleuca
Cetraria islandica (fjallagrös)
Cetraria nivalis (marfugrös)
Usnea melaxantha

Eðlisfræðisafn Gagnfræðaskólans á Akureyri:

"Boyles"-loka úr látúni
blöðrusprengiglas
ebonitstöng
einangrunar skemmill
einstrengur (monocord)
fjaðravog
flaska til þess að mæla með eðlisþyngd
flatspeglar, sem hornsetja má á ýmsa vegu með gráðuboga
flotvog
galvansbikar 1.5 volt
galvansfestar 4 bikarar. Ca. 6 volt, samatræða
glas með svarfi
glas með smánöglum
glerhjálmur
glerprisma
glerprisma á fæti
glerrúður, rauð og græn
glerstengur
glertrehtar
glóðarlampar 4-6 volt, fótlausir
glös, tappar, einangraður þráður og margt fleira
heronskúla
hitaeiningamælir
hitamælir
hitamælispípur, tómar
hljóðauki (microfon)
hljóðskifa með blásturspípu
hverfa (turbine)
induktionstæki
fhvolfur spegill
kertastika og hvít skifa á fæti

knattlóð á fæti
kolaoddar á fæti með holspegli
kúftur spegill
kúlufaska með kátsjúktappa
kvikasilfursflaska með kvikasilfri
lausar segulnálar
látúns uppstandari með oddi fyrir segulnál
leidener flöskur
litskifa
loftdæla
loftþýngdarmælir
magðeborgarkúla
metaskálar
metrakvarði
miðflótttaflsbeygja með kúlu
mjólkurmælir
mæliglös
orgelpípa blöðkupípa með hljóðtrekt
paskalstæki
pípukerfi með misviðum og ýmislega löguðum pípum
rafmagnsklukkur
rafmagnshringill (elektrisk klokkerspill)
rafmagnshreyfi með sveiflu
rafmagnsvél
rafmagnstæmir með ebonit handfangi
rafmagnspendúlar
rafmagnshreyfi
rafsegulgormur
rafsegull, beinn
rafsegular skeifulagaðir með atkerum
rólulampi
rúmmálskvarðar
segulstangir með atkerum
segulnálar á kompáskifu með skautskrúfum og koparboga
simritunar tæki
skáflötur
skálar
skeifusegull

sogdæla úr gleri
sogvökvalyftir úr gleri
sprittlampi
stöng úr deigu jární
suðufloöskur
suðufloaska með kátsjúktappa
suðupípur
talsmataeki
tantalusbikar
toricellispípa með skál og trekt
tónkvísl
trékubbar með skökkum grunnfleti
trizukerfi á háu uppstæði
tvígreindur vökvalyftir úr gleri
tvíkúft gler
tvöfaldur einangraður sími
tæki er sýnir útpenslu hlutanna við hita
tæki til þess að greina sundur frumefni vatnsins
tæki til þess að sýna, hversu hiti geti framkomið við núning
tæki er sýnir, aðfrákastshorn geisla er jafnstórt aðkastshorninu
tæki er sýnir, hve málmar leiða hitann misjafnlega vel
tæki er sýnir hvar rafmagnið er í hlutunum
tæki sem sýnir rafmagnsgreining
tæki, er sýnir fallhraða blýlóðs og fjaðrar í loftlausu rúmi
tæki, sem sýnir grundvallaratriðið við þráðlaus skeyti
(móttöku og senditæki).
tæki, er sýnir, að hlutur, sem sökkt er í vökva, léttist
um þýngd rúmáls hans af vökvanum
uppistandari með yllimergskúlum
uppstandari með mörgum haldtöngum
uppvítt glas
ú-beygð glerpípa til þess að sýna að vatn er 13,6 sinnum
léttara en kvikasilfur
v-glerpípa
vasakompás
vinda með snúrutrizu
vogalóð í kassa
vogarstöng á fæti

voltastöpulslag

zinkþynnur til þess að sýna, hvernig skuli finna þungamiðjuna

þjöl til að sverfa sundur glerpípur

þrífótur með járnneti

þrýstidæla úr gleri

þverskorin gufuvél

Eðlisfræðisafn Möðruvallaskóla:

aerometer

Bunsens element

glerpípur

glerprisma

glerlinser

skeifusegulstál

ýmis efni til kemískra rannsókna

ýmis glerrílát

Lærði skólinn

Lærði skólinn á sér nokkuð langa sögu á íslenskan mælikvarða.

Á árunum sem hér um ræðir starfaði hann samkvæmt reglugerð frá 1877, sem að stofni til var frá 1851. Árið 1904 gekk í gildi ný reglugerð og var nafni skólans þar með breytt í Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík.

Á síðustu áratugum 19. aldarinnar urðu nokkur átök um skólann, hvað varðaði áhersluna á hinar ýmsu námsgreinar. Fornmálin höfðu lengi skipað virðingarsess, en upp voru komnar raddir um nauðsyn menntunar í nýju málunum og þá ekki síður í raunvísindum. Sem dæmi um þau sjónarmið sem komu fram gegn fornmálakennslunni á þessum tíma má draga fram eftirfarandi tilvitnun úr "Um menningarskóla eða um "lærða skólann" í Reykjavík og samband hinna lægri skóla við hann", bls. 5, eftir Boga Th. Melsteð, útg. í Kaupmannahöfn 1888.

"Í latínuskólanum ... situr málfræðin, einkum latnesk og grísk, algjörlega í fyrirrúmi, en náttúran er "lamin með lurk" og hýmir út í horni, en hún leitir heim ávallt með meiri og meiri djörfung. Fleiri og fleiri öfl og gæði náttúrunnar eru árlega tekin í þjónustu, árlega fleygir náttúruvísindunum áfram; stórkostlegar eru allar uppfundningar, sem fundnar hafa verið á síðustu 10 árum, að ég eigi tali um síðan 1850."

og síðan á bls. 6:

"... áður var latínan allsherjarmál meðal allra vísindamanna, en nú eru lifandi málin þar allsstaðar erlendis ..."

Þessi átök áttu sér raunar stað um öll norðurlönd og dró verulega til tíðinda síðustu árin fyrir aldamótin. Hjá okkur voru breytingar gerðar með nýju reglugerðinni fyrir Menntaskólann í Reykjavík árið 1904. Samkvæmt henni var verulega dregið úr latínukennslu og grískukennsla var lögð niður. Hins vegar var íslenskunámið aukið og einnig nám í nýju málunum og ekki síst í náttúruvísindum og raunvísindum almennt. Svo gagnger var þessi breyting að gríska var ekki kennd við skólann frá 1909, þegar síðustu nemendurnir útskrifuðust frá skólanum skv. gömlu reglugerðinni, allt til ársins 1972 að hún hófst á fornmálasviði.

Hins vegar voru á þessum sömu áratugum á síðustu öld stöðugt háværari raddir sem vildu aukna almenningsfræðslu. Þessa gætti vissulega í hinum mikla fjölda barnaskóla sem settur var á laggirnar, en ekki síður í Lærða skólanum. Með nýju reglugerðinni 1904 hét skólinn "Hinn almenni menntaskóli ..." og fyrstu 3 bekkirnir í honum mynda "gagnfræðadeild".

Hinn Lærði skóli í Reykjavík var til húsa í eigin húsakynnum strax frá stofnun hans 1846. Hús skólans er við Lækjargötu. Það átti sér enga hliðstæðu í íslenskri skólasögu í a.m.k. 58 ár bæði hvað varðaði stærð og hversu vel það var fallið til skólastarfs. Skólinn eignast eigið leikfimiðhús 1898.

Markmið skólans.

Lærði skólinn í Reykjavík starfaði með eftirfarandi markmið í huga, skv. 1. grein "Auglýsingar um reglugjörð fyrir hinn Lærða skóla í Reykjavík" frá 12. júlí 1877:

"Það er ætlunarverk hins lærða skóla, að veita lærisveinum þeim, er í hann ganga, almenna menntun, og jafnframt, með því að efla þekkingu þeirra og glæða sálargáfurnar, gjöra þá færa um að njóta kennslu við æðri menntastofnanir, svo sem við prestaskólann eður háskólann"

Tekið uppúr "Saga Reykjavíkurskóla I", bls. 38

Hinn 9. september 1904 var síðan gefin út "Auglýsing um bráðabirgðareglugjörð fyrir hinn almenna menntaskóla í Reykjavík". Í fyrstu grein kemur eftirfarandi fram:

"Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík skiptist í tvær deildir, og eru 3 ársbekkir í hvorri deild. Kallast neðri deildin gagnfræðadeild, en hin efri lærdómsdeild."

Tekið uppúr "Saga Reykjavíkurskóla I", bls. 70

Í 2. grein segir svo:

"a. Gagnfræðadeildin veitir nemendum sínum hæfilega afmarkaða almenna menntun.

b. Lærdómsdeildin tekur við af gagnfræðadeildinni, veitir nemendum æðri almenna menntun og gerir þá fara um að stunda vísindánám við sjermenntastofnanir landsins og háskólann í Kaupmannahöfn."

Tekið uppúr "Saga Reykjavíkurskóla I", bls. 70

Skólinn er því að snúa sér að "gagnfræða"menntun að hluta til, en undirbúningur undir nám á háskólastigi var hans meginhlutverk áfram.

Í samræmi við þessi markmið voru skilyrðin til inngöngu í skólann og námsgreinavalið.

Inntökuskilyrði 1877 - 1904.

Umsækjandi um skólavist varð að leggja fram vitnisburð um að siðferði hans væri óspillt. Einnig varð hann að afhenda skólastjóra skirnar- og bólusetningarvottorð. Hann mátti ekki vera yngri en 12 ára og ekki eldri en 18 ára, er hann sótti um skólavist í næsta bekk. Ef skólastjóri mælti með því gat

yfirstjórn skólans heimilað eldri umsækjanda skólavist. Stúlkur fengu ekki aðgang að skólanum fyrr en með tilskipun þar að lútandi, sem gefin var út 4. des. 1886.

Sérhver umsækjandi varð að gangast undir inntökupróf sem sýndi:

- a. að hann sje læs og skrifandi og riti móðurmál sitt stórlýtalaust,
- b. að hann geti lagt út dönsku á íslensku úr lesnum kafla, sem sje að minnsta kosti 100 blaðsíður í 8 blaða broti,
- c. að hann hafi numið aðalatriði hinnar latínsku mállýsingar, og geti lagt út latínu á íslensku úr lesnum kafla, sem svarar hjer um bil 100 blaðsíðum í 8 blaða broti,
- d. að hann hafi numið yfirlit yfir alla landafræðina,
- e. að hann hafi numið yfirlit yfir helstu viðburði í veraldarsögunni og ágríp af Íslands sögu,
- f. að hann hafi numið hinar svo nefndu fjórar aðalgreinir talnafræðinnar í heilu og brotnu." Úr 3. grein "Auglýsingar um reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík", 1877.

Inntökuskilyrði skv. nýjum reglum frá 1904.

Árið 1904 varð skólinn að "samskóla", bæði fyrir pílta og stúlkur, "þegar því verður við komið." eins og segir í 3. grein "Auglýsingar um bráðabirgðareglugjörð fyrir hinn almenna menntaskóla í Reykjavík." Umsækjandi átti að leggja fram vottorð frá þeim skóla sem hann sótti síðast nám í, eða frá þeim, sem búið hafði hann undir skólann. Hann mátti ekki vera yngri en 12 ára og

ekki eldri en 15 ára er hann settist í fyrsta bekk gagnfræðadeildarinnar og ekki yngri en 15 ára og ekki eldri en 18 ára er hann settist í lærdómsdeildina. Ef skólameistari mælti sérstaklega með undanþágu, gat Stjórnarráðið veitt hana, og því aðeins að hún viki frá efri aldursmörkunum.

Inntökupróf í gagnfræðadeild skyldi halda í eftirtöldum námsgreinum:

Íslensku munnlegri og íslensku skriflegri, reikningi, skrift, dönsku, sögu, landafræði og náttúrusögu.

Skv. "Auglýsingu um reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna menntaskóla" frá 13. mars 1908 var gert ráð fyrir að gagnfræðapróf frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri væri jafngilt gagnfræðaprófi frá menntaskólanum til inntöku í lærdómsdeildina.

Lengd námsins, fjöldi kennslustunda 1877 - 1904.

Lærði skólinn var á þessum tíma 6 ára skóli. Hann starfaði í 5 bekkjardeildum til haustsins 1879, en þá var bekkjum fjölgað í 6, þannig að nemendur voru 1 ár í hverjum bekk. Skólaárið var frá 15. september til 14. júní árin 1877 til 1879 og voru árspróf tekin í fyrri hluta júní, en burtfararpróf frá skólanum (lokapróf) í síðari hluta júní. Frá haustinu 1879 færðust þessar dagsetningar aftur um 1/2 mánuð og var skólinn settur það haust 1. október. Sú breyting varð einnig þá að inntökupróf voru þreytt fyrstu dagana í júlí, en ekki dagana fyrir skólasetningu, eins og tíðkast hafði.

Kennslustundir voru 36 á viku, en kennslan í leikfimi var utan þess tíma.

Lengd námsins, fjöldi kennslustunda skv. reglugerðinni 1904.

Menntaskólinn í Reykjavík var sex ára skóli, 3 ársbekkir í hvorri deild, gagnfræðadeild og lærdómsdeild. Skólaárið var frá 1. október til 30. september. Árspróf skyldu tekin í júnibyrjun, en burtfararpróf frá skólanum (sem nú hétu stúdentspróf) í fyrri hluta júlí. Inntökupróf skyldu haldin í júnílok.

Kennslustundir voru 36 á viku, eða 6 á dag, og skyldi verja einni kennslustund á degi hverjum til söngs, leikfimi eða handavinnu.

Námsgreinar 1877 - 1904.

Kennslugreinar eru tilgreindar í 4. grein "Auglýsingar um reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík" frá 1877. Þar segir að kenna skuli:

íslensku	-	í öllum bekkjum skólans;
dönsku	-	- - - - ;
frönsku	-	- - - - ;
latínu	-	- - - - ;
trúarbrögð	-	- - - - ;
sagnfræði	-	- - - - ;
söng	-	- - - - ;
leikfimi	-	- - - - ; (utan skólatíma)
ensku	-	í 4 fyrstu bekkjum skólans;
landafraði	-	í 4 fyrstu bekkjum skólans;
stærðfræði	-	í 4 fyrstu bekkjum skólans;
náttúrusaga	-	í 4 fyrstu bekkjum skólans;
grísku	-	í öðrum bekk og eftir það;
eðlisfræði	-	í þriðja bekk og eftir það;
teikningu	-	í þremur næstu bekkjum skólans;
skrift	-	í tveimur næstu bekkjum skólans;
þýsku	-	í efsta bekk.

Árið 1883 varð eftirfarandi breyting á námsgreinum:

Þýsku skyldi kenna í öllum bekkjum;
frönsku aðeins í tveimur efstu bekkjunum;
eðlisfræði aðeins í tveimur efstu bekkjunum;
náttúrusögu aðeins í 2., 3. og 4. bekk og
skriftarkennsla var lögð niður.

Námsgreinar skv. reglugerðinni 1904.

Í gagnfræðadeild skyldi kenna:

íslensku,
dönsku,
ensku,
kristin fræði,
sagnfræði,
félagsfræði,
landafraði,
náttúrufraði,
stærðfræði,
teikningu,
handavinnu,
leikfimi og
söng.

Í lærdómsdeild skyldi kenna:

íslensku,
íslenska bókmenntasögu,
dönsku,
ensku,
þýsku,
frönsku,
latínu,
sagnfræði,
félagsfræði,

náttúrufræði,
starðfræði,
leikfimi og
söng.

Námsbækur

Íslenska:

- Skýring hinna almennu málfræðislegu hugmynda eftir
H.Kr. Friðriksson, kennd 1888 - 1892
- Forníslensk málmyndalýsing eftir Wimmer, kennd 1888 -
1907
- Oldnordisk Lesebog eftir Wimmer, kennd 1888 - 1907
- Njáls saga, kennd 1888 - 1907
- Edda Snorra Sturlusonar, kennd 1888 - 1907
- Edda Sæmundar á Odda, kennd 1888 - 1895
- Íslensk bókmenntasaga eftir Lund (úr Den oldn.
Litteratur, Kbh. 1873),
kennd 1888 - 1900
- Nokkur kvæði eftir Jónas Hallgrímsson, kennd 1888 -
1895
- Íslensk málmyndalýsing eftir H. Kr. Friðriksson,
kennd 1889 - 1895
- Egils saga Skallagrímssonar, lesin 1889 - 1892, 1897
- 1907
- Ágrip af bókmenntasögu Íslands eftir Finn Jónsson,
kennd 1895 - 1907
Árið 1881 var svo jörðin Hvanneyri til sölu. Það var sama árið og Skagafjarðarsýsla keypti Hóla í Hjaltadal. Sú hugmynd virðist hafa vaknað að stofnsetja bæri að Hvanneyri búnaðarskóla og er ekki annað að sjá en sunnlendingar hafi einmitt sömu hugmyndir og skagfirðingum tekst að gera að veruleika á árunum 1881 til 1883. Björn Bjarnason, starfsmaður hjá Búnaðarfélagi Suðuramtsins keypti jörðina í janúar 1882. Þeir Sveinn Sveinsson, þá ráðunautur hjá Búnaðarfélagi Suðuramtsins, og Björn virðast fylgja máli þessu fast eftir, en samt líða 7 ár uns skólinn er stofnaður. Meginviðburðir á þeim tíma eru að 1885 keypti Borgarfjarðarsýsla Hvanneyrarjörðina og Suðuramtíð keypti hana síðan haustið 1888.

Hér verður aðeins fjallað um skólahald á Hvanneyri frá árinu 1889 til 1907. Á þessum árum starfaði skólinn eftir sömu reglugerðinni og engar verulegar breytingar voru gerðar á starfsháttum hans.

Sumarið 1889 var byggt yfir skólann á Hvanneyri. Var það járnklætt timburhús kjallari og hæð og var húsið verulega portbyggt að auki. Það var 12x12 álnir að flatarmáli. Húsið var lengt um 9 álnir 1894 og árið 1897 var það lengt aftur og þá um 5 álnir. Það brann síðan 6.

október 1903. Árið 1904 var aftur byggt skólahús á Hvanneyri. Það var kjallari og tvær hæðir, 32x14 álnir að stærð. Árin 1910-1911 var svo aftur byggt skólahús, þvíð stærra en það sem fyrir var og árið 1911 eignast skólinn leikfímihús.

Markmið skólans

Samkvæmt 2. grein "Reglugerðar fyrir Búnaðarskólann á Hvanneyri", sem birtist í Stjórnartíðindum, B-deild, 1890, eru markmið skólans eftirfarandi:

"Það er tilgangur skóla þessa í fyrsta lagi að veita ungum mönnum, sérstaklega úr Suðuramtinu, kennslu í bóklegri og verklegri búfræði og einnig þá almennu menntun, er mest riður á að hafa til að geta staðið vel í stöðu sinni, hvort sem menn vinna fyrir sjálfa sig eður aðra. Sérstaklega mun áhersla lögð á verklega æfingu. Í öðru lagi er það takmark þessa skóla að leiða í ljós allt, hvað hugsamlegt er, að verða mætti að gagni hér á landi, af jarðrækt og búnaðarháttum nágrannapjóða vorra, en sem ekki eða lítt hefir verið enn þá reynt hjá oss.

Inntökuskilyrði

Fyrir lok desembermánaðar átti umsækjandi að senda amtmanninum í Suðuramtinu bónarbréf um inngöngu. Amtmaðurinn kynnti síðan bæði umsækjanda og forstöðumanni skólans ákvörðum sína í málinu fyrir lok marsmánaðar.

Inntökuskilyrðin voru:

1. að umsækjandinn sé heilsuhraustur og sanni með vottorði sóknarprests síns, að hann sé reglusamur og siðsamur;

2. að hann ekki sé yngri en 18 ára og ekki eldri en 28 ára;
 3. að hann sé vel lesandi og nokkurn veginn vel skrifandi og kunní að reikna 4 höfuðgreinar af heilum tölum;
 4. að hann sanni með vottorði 2 áreiðanlegra manna, að hann hafi nægilegan þroska til sveitavinnu og helst að hann sé henni vanur."
7. grein "Reglugerðar um Búnaðarskólann á Hvanneyri", 1890.

Hvergi er tekið fram að umsækjandi skuli vera piltur, en hins vegar stundaði engin stúlka nám við skólann á árunum 1889 til 1907.

Lengd námsins, fjöldi kennslustunda

Skólaárið hófst um miðjan maí og stóð til sama tíma árið eftir. 18 daga frí var gefið um jólin, frá 20. desember til 6 janúar. Nám við skólann tók tvö ár. Því var skipt í verklegan hluta og bóklegan hluta.

Hinn bóklegi hluti námsins fór fram frá 1. nóvember til aprílloka. 6 klst. á degi hverjum skyldi varið til þess. Prófað var í bóklegum námsgreinum um miðjan maí.

Verklegt nám stunduðu nemendur allt árið, þó aðeins 3-5 klst. á dag þann tíma sem bóklega kennslan stóð yfir. Vor og haust unnu nemendur 12 stundir á dag og 13 yfir sláttinn. Nemendur unnu við bú skólans og höfðu að launum fæði og uppihald yfir námstímann.

Í frásögn nemenda, Magnúsar Jónssonar og Jörundar Brynjólfssonar, en þeir útskrifuðust frá skólanum, 1899 og 1906, segir m.a.:

"Fyrirkomulag skólans á þeim árum var þannig, að líklegt er, að flestir nemendur, sem þangað komu, muni hafa litið svo á, að þeir væru að ráðast í nokkurs konar vinnumennsku til tveggja ára með sérrettindum um nám, verklegt og bóklegt."

"Bændaskólinn á Hvanneyri 90 ára"
e. Guðm. Jónsson, útg. 1979, bls
80.

Námsgreinar

Í bóklegum námsgreinum skal kenna:

- "1. ágríp af dýrafræði, grasfræði, steinafræði, efnafræði og eðlisfræði;
2. jarðyrkjufraði yfir höfuð svo sem: um eðli og samsetningu hinna ýmsu jarðartegunda, áburð, framræslu, vatnsveitingar, meðferð sáðjurta, túnrækt, garðyrkju o.s.frv.;
3. ágríp af húsdýrafræði og um kvikfjárrækt og um helstu sjúkdóma húsdýra og ráð við þeim;
4. hagfræði í búnaði og að semja búreikninga;
5. ágríp af mælingafræði og um land- og hallamælingar;
6. dráttlist, að gjöra uppdrætti af landspildum og verkfærum eftir máli;
7. reikning, brot, þríliðu, rúmmál, flatarmál;
8. dönsku, að lesa og skilja danskar bækur."
 16. grein "Reglugerðar fyrir Búnaðarskólann á Hvanneyri", 1890.

Í verklegum greinum átti að kenna:

- "1. að læra að brúka jarðyrkjuverkfæri, akverkfæri, mjólkuráhöld o.s.frv.;
2. garðyrkju og matjurtarækt;
3. ræktun fóðurjurta og þúfnasléttun;
4. meðferð á áburði og brúkun áburðar;
5. að læra að veita vatni á og grafa skurði;
6. að búa til vörslugarða;
7. að starfa að heyskap og hinni ýmsu aðferð við heyverkun;
8. að stunda lax- og silungsveiði og æðarvarp að vorinu til;
9. að stunda kvikfjárrækt;
10. að læra land- og hallamælingu verklega;
11. að læra meðferð á mjólk og tilbúning á osti og smjöri;
12. að smíða einföld verkfæri og gjöra að verkfærum."
 15. grein "Reglugerðar um Búnaðarskólann á Hvanneyri", 1890.

Námsbækur

Eftirfarandi listi er yfir námsbækur lesnar í Búnaðarskólanum á Hvanneyri árin 1891 til 1905. Upplýsingar þessar eru í bókinni "Hvanneyrarskólinn 50 ára" eftir Guðmund Jónsson, útg. 1939, bls. 76 og 77.

Jarðræktarfræði:

Ágrip af jarðvegsfræði eftir Jósef J. Björnsson, kennd 1891 - 1905.

Um áburð eftir Torfa Bjarnason, kennd 1891 - 1905.

Grasafræði eftir Grönlund, kennd 1891 - 1905

Um tún og engjarækt eftir Guðmund Ólafsson, kennd 1891 - 1905.

Um framræslu og súrhey eftir Torfa Bjarnason, kennd 1893 - 1905.

Jordbrugslære eftir N. Ödegaard, kennd 1904 - 1905.

Jarðfræði eftir Þorvald Thoroddsen, kennd 1904 - 1905

Kvikfjárrækt:

Huspattedyrenes Bygning og Liv eftir H. Bendz, kennd 1891 - 1905.

Huspattedyrenes rationelle Fodring eftir Emil Wolff, kennd 1891 - 1905.

Um sauðfjár- og nautpeningsrækt eftir Guðmund Einarsson, kennd 1891 - 1905.

Um fóðrun búpenings eftir Hermann Jónasson, kennd 1893 - 1905.

Um uppeldi kálfa og mjaltir eftir Hermann Jónasson, kennd 1893 - 1905.

Husdyrlære eftir B. Holtsmark, kennd 1904 - 1905.

Náttúrufraði:

Ágrip af náttúrusögu eftir Pál Jónsson, kennd 1891 - 1905.

Flóra Íslands eftir Stefán Stefánsson, kennd 1904 - 1905.

Dýrafræði eftir Bóas, lesin 1904 - 1905.

Garðræktarfræði:

Garðyrkjubók eftir Moritz H. Friðriksson, kennd 1891 - 1905.

Garðyrkjufraeðibók eftir Schierbeck og Schumann, kennd 1904 - 1905.

Hagfræði:

Hagfræði og reikningsfærsla mun oftlega hafa verið kennd án kennslubókar, en kennarinn flutti fyrirlestra um málefnið.

Um búreikninga eftir Torfa Bjarnason, kennd 1891 - 1905.

Búreikningar eftir Sigurð Guðmundsson, kennd 1904 - 1905.

Danska:

Dönsk lestrarbók eftir Jón Þórarinsson og Jóhannes Sigfússon, kennd 1891 - 1897.

Engin danska er kennd frá 1897 til 1907.

Íslenska:

Guðmundur Jónsson nefnir ekki neinar kennslubækur í íslenskunni. Þó er ljóst að móðurmálskennsla var 2 stundir á viku á Hvanneyri.

Reikningur:

Stærðfræði eftir E. Briem, kennd 1891 - 1905.

Efnafræði:

Efnafræði eftir Chr. Christensen, kennd 1891 - 1905.

Eðlisfræði:

Eðlisfræði eftir Balfour Stewart, kennd 1891 - 1905.

Auk þessara bóka voru notaðar við kennsluna ýmsar

ritsmiðar eftir Svein Sveinsson, skólastjóra, bæði þýddar og frumsamdar. Einnig mun hafa verið notuð bók sem heitir Stafróf vísindanna og önnur sem ber nafnið Hversvegna, vegna þess. Töluvert var um að stuðst væri við greinar sem birst höfðu í tímaritum (s.s. Búnaðarritinu og Andvara) og aukið við efnið með fyrirlestrum.

Bókasafn og kennslutæki

Nemendur Búnaðarskóla Suðुरamtsins áttu að leggja sér til kennslubækur og ritföng samkvæmt ákvæðum "Reglugerðar um Búnaðarskólann á Hvanneyri" frá 1890.

Í ársskýrslum skólans frá þessum tíma er ekki að finna sundurliðun á bóka- eða kennsluáhaldaeign hans. Þó er ljóst að skólinn átti strax árið 1890 vísir að bókasafni og einhver kennsluáhöld og var verðmæti þessa alls 170 krónur. Tveimur árum síðar, eða 1892 var bókaeign skólans metin á 198.70 krónur. Þá voru verkfæri metin á 468.50 krónur. Sennilegast er að um sé að ræða verkfæri til búskapar- og jarðyrkjustarfa, en það ár er kennsluáhalda ekki getið. Síðan er það vitað að árið 1896 veitti amtsráð Suðुरamtsins skólanum 500 krónur til kaupa á smíðaáhöldum. Þá stóð til að gera stórátak í smíðakennslunni, með það í huga hvernig henni var háttað í Ólafsdal.

Þegar brennur á Hvanneyri 6. október 1903 kemur í ljós að kennslutæki höfðu verið brunatryggð fyrir 300 krónum. Þá kemur einnig í ljós að skólastjórinn, Hjörtur Snorrason, átti bókasafn, eða réttara sagt, missti bókasafn, sem var u. þ. b. 1500 titlar. Af þeim frásögnum skólasveina sem fyrir liggja virðist ekki eðlilegt að ætla að þeir hafi haft aðgang að því bókasafni.

Þegar Ríkissjóður Íslands yfirtekur eignina og rekstur skólans árið 1907 eru bækur og kennsluáhöld

metin til 739 króna, smíðatól til 171.90 krónu og jarðyrkjuverkfæri til 1423.95 króna.

Verðmæti bóka og kennsluáhalda var því:

	Bækur	Kennslu- áhöld	Bækur og kennsluáhöld	Smíða- áhöld	Búsáhöld og verkfæri
árið 1890			170 kr.		691 kr.
árið 1892	198.70 kr.				1153 kr.
árið 1896 (a.m.k. fjárveiting)				500 kr.	
árið 1903		300 kr.			
árið 1907			739 kr.	171.90 kr.	1423.95 kr.

Búnaðarskólinn í Ólafsdal

Búnaðarskóli Vesturamtsins í Ólafsdal starfaði frá 1877 til 1907. Skólinn var stofnaður af Torfa Bjarnasyni bónda í Ólafsdal og var Torfi jafnframt skólastjóri hans.

Ekki verður miklu hlutverki Torfa í íslenskri bændaskólasögu gerð nein skil hér, né heldur mikilvægi hans í þróun verktækni og verkfæra fyrir landbúnaðinn. Torfi hóf búskap í Ólafsdal 1870. Þótti jörðin bæði afskekkt og ill til ræktunar. Með óvenjulegu harðfengi, verklægni og góðum verkfærum reisti Torfi fljótt bú sem var öðrum fyrirmynd. Ungir menn leituðu eftir þekkingu til hans og þar kom að hann setti á stofn búnaðarskóla með fjárhagslegum stuðningi Vesturamtsins.

Skólanum var sett reglugerð 1877. Henni var breytt lítillega 1891.

Þegar löggin um bændaskólana voru samþykkt árið 1904 var ljóst að hverju stefndi fyrir búnaðarskólann í Ólafsdal. Strax haustið 1905 var styrkur til skólans rýrður um helming og árið eftir voru ekki teknir nýjir nemendur í skólann.

Skólinn var settur í nýju húsi árið 1880. Það var einnar hæðar timburhús, kjallari og lágt ris, 9,33 x 12 álnir. Árið 1896 var byggt nýtt skólahús sem var kjallari og tvær hæðir. Það var 30 x 11,25 álnir að flatarmáli og byggt á stækkuðum grunni eldra hússins. Eldra húsið hafði þá verið rífið af grunni og endurreist sem smiðja og geymsla.

Markmið skólans

"Tilgangur skólans er að veita ungum mönnum nægilega kunnáttu, verklega og bóklega, í öllum þeim störfum, er snerta jarðrækt og jarðabætur, að auka þekkingu þeirra og áhuga á framförum í landbúnaði, og yfir höfuð, að venja þá við verklegan dagnað"

2. grein "Reglugjörðar fyrir búnaðarskólann í Ólafsdal", 1877

Inntökuskilyrði

Til þess að fá skólavist þurfti að senda amtsmanninum í Vesturamtinu bönarbréf þar að lútandi fyrir lok desembermánaðar. Fyrir lok marsmánaðar tilkynnti amtsmaðurinn síðan umsækjandanum og forstöðumanni skólans hvort innganga hefði verið veitt eða ekki.

Inntökuskilyrði voru:

- "1. Að pilturinn sje siðprúður og heilsuhraustur,
 2. að hann sje eigi yngri en 18 ára og eigi eldri en 28 ára,
 3. að hann sje vel lesandi, skrifi þarilega og reikni 4 höfuðgreinir í heilum tölum,
 4. að hann hafi nægan þroska til vanalegrar sveitavinnu og sje henni vanur."
6. grein "Reglugjörðar fyrir búnaðarskólann í Ólafsdal", 1877.

Lengd námsins, fjöldi kennslustunda

Búnaðarskóli Vesturamtsins í Ólafsdal var tveggja ára skóli. Skólaárið hófst um miðjan maí og stóð til 14. maí. Hið bóklega nám fór að mestu leyti fram frá 1. nóvember til 30. apríl, en verklegt nám allt árið. Um það bil 20 kennslustundir voru á viku hverri í bóklegum greinum meðan á bóklegu kennslunni stóð.

Próf voru tekin að loknu námi við skólann, burtfararpróf. Próf í bóklegum greinum voru haldin fyrstu dagana í maí og voru þau að mestu leyti munnleg. Verkleg próf fóru fram haustið næst á undan, fyrir lok septembermánaðar.

Mjög harður vinnuagi ríkti í skólanum. Vinnuskyldan var 12,5 klukkustund frá vori til 1. nóvember. Þar af voru tveir klukkutímar á dag ætlaðir til æfinga í grasafraði, land- og hallamælingum o. fl. Yfir sláttinn, eða frá 11. júlí til 11. september, féllu þeir tímar niður, en vinnuskyldan jókst uppí 14,5 klukkustund. Yfir veturinn var unnið í 12 klukkustundir á dag, 4 við verkleg og 8 við bókleg störf.

Námsgreinar

Samkvæmt reglugerðinni sem skólinn starfaði eftir (frá 1887) átti að kenna í bóklegu:

1. Ágrip af náttúrufræði, dýrafræði, grasafraði, steinafræði, efnafræði og eðlisfræði.
2. Jarðræktarfræði, um jarðveginn, verkfæri, framræzlu, vatnaveitingar, meðferð sáðjurta, áburð, túnrækt.
3. Ágrip af húsdýrafræði og um kvikfjarrækt.
4. Hagfræði í landbúnaði og um búsræikninga.
5. Ágrip af mælingafræði og um land- og hallamælingar.
6. Dráttlist, að gjöra uppdrætti af landspildum og verkfærum eftir máli.
7. Reikning, um brot, þríliðu, flatarmál og rúmmál.
8. Dönsku, að lesa og skilja danskar bækur."

Í verklegu skyldi kenna:

- "1. Að nota plóg, herfi og önnur jarðyrkjuverkfæri.
 2. Að rækta matjurtir og fóðurjurtir.
 3. Að fara rétt með áburð.
 4. Að þurrka votlendi og gjöra veitur.
 5. Að gjöra girðingar.
 6. Að verka hey og stýra heyverkum og öðrum störfum.
 7. Að smíða einföld verkfæri og gjöra að verkfærum.
 8. Að smíða einföld áhöld til landmælinga og hallamælinga."
13. og 14. grein "Reglugjörðar fyrir búnaðarskólann í Ólafsdal", 1877

Auk áðurnefndra námsgreina bættist íslensk rétttritun við árið 1891, en smíðar féllu niður úr reglugerðinni sama árið. Í vinnutíma sínum unnu nemendur við ýmislegt, sem ekki er tilgreint í reglugerð, s.s.:

fjárhirðingu,
áburðarhirðingu og túnrækt,
grjótvinnu,
vegagerð,
húsbyggingar,
torfhleðslur,
skriftir,
vefnað og
barnakennslu.

Námsbækur

Námsbækur eru talðar upp í skólaskýrslunum. Hér eru þær teknar þaðan og úr riti Tómasar Helgasonar um kennslubækur í Ólafsdal, sem birtist í Árbók

Landsbókasafnsins fyrir árið 1979.

Íslenska:

Ritreglur V. Ásmundssonar, 1888 - 1897

Náttúrufræði:

Ágrip af náttúrusögu eftir P. Jónsson, 1885 - 1897

Stafróf náttúruvísindanna 1. og 3. hefti, 1885 - 1897

Uorganisk Kemi eftir Chr. Christensen, 1887 - 1897

Organisk Kemi eftir Chr. Christensen, 1887 - 1897

Mindre Lærebog i Fysik eftir Karl Schmidt, 1885 -
1897

Eðlisfræði eftir Balfour Stewart, sennilega kennd
eftir 1897

Fluttir voru fyrirlestrar um eðlisfar jurtanna og
föðurjurtir, Torfi Ólafsson 1885 - 1897. Einnig
til í handriti, sem nemendur skrifuðu upp eftir
fyrirlestrunum.

Jarðræktarfræði:

Um framræslu, Tímarit bókm.fél., eftir Torfa
Bjarnason, 1885 - 1897

Um áburð, Andvara 1884, eftir Torfa Bjarnason, 1885 -
1897

Um túnrækt, Tímarit bókm.fél., eftir G. Einarsson,
1885 - 1897

Íslensk garðyrkjubók eftir Dr. C.F. Schaubeler, 1885
- 1897

Leiðarvísir til að rækta gulrófur eftir G.
Schierbeck, 1886 - 1897

Om Engvanding eftir E. Dalgas, 1887 - 1897

Garðyrkjukver eftir Schierbeck, 1889 - 1897

Fluttir voru fyrirlestrar um jarðveg, verkfæri,
vatnaveitingar og sáðjurtir, Torfi Ólafsson, 1885
- 1897 Einnig til í handriti, sem nemendur
skrifuðu upp eftir fyrirlestrunum.

Húsdýrafræði og kvikfjárrækt:

Um fœðrun búpenings, uppeldi kálfa og um sauðfénað,
Búnaðarrit Hermanns Jónassonar, 1887 - 1897

Um undirstöðuatríði búfjárræktinnarum sauðfénað eftir
Séra G. Einarsson, 1885 - 1897

Um sauðfénað eftir Séra G. Einarsson, kennd 1885 -
1897

Husdyrbruget eftir Harald Konow, 1885 - 1888

Huspattedyrenes Bygning og Liv eftir H.C.B. Bendz,
1885 - 1897

Um mjaltir á kúm eftir Eggert Finnsson, sennilega
kennd eftir 1897

Hagfræði:

Um fæðuefnin eftir O. Hammersten, 1885 - 1888

Fyrirlestur fluttur um búnað og búreikninga, Torfi
Ólafsson, 1885 - 1897.

Tómás Helgason fullyrðir (í Árbók Landsb.s. 1979) að
nemendur hafi skrifað upp og átt í handriti
fyrirlestra um fæðuefnin og búnaðarhagfræði, hvort
tveggja eftir Torfa Ólafsson.

Um landa- og hallamælingar:

Praktisk Anvisning til Landmaaling og Nivellering
eftir D. Hannemann, 1876 - 1897

Reikningur:

Reikningsbók eftir Eirík Briem, 1885 - 1897

Praktisk Geometri eftir P. Deinboll, 1885 - 1897

Danska:

Dönsk lestrarbók eftir Steingrím Thorsteinsson, 1885
- 1888

Kennslubók í dönsku eftir Jón Þórarinnsson og Jóhann
Sigfússon, 1888 - 1897

Kennslutæki

Bókasafn skólans var tryggt fyrir 600 krónum árið 1897. "Bókasafn lærisveina við búnaðarskóla Vesturamtsins", sem stofnað var 1884, var tryggt árið 1897 fyrir 500 krónum. Það átti þá 225 bindi af bókum.

Til bóklegrar kennslu:

Beltauppdráttur með texta, limdur á léreft

Spendýramyndir á 18 töflum, Dybdal
Eðlisfræðimyndir á 12 töflum, Dybdal
Maðurinn á 12 töflum, Dybdal
Fuglar á 10 töflum, Dybdal

Pattedyrens Naturhistorie, N.C. Rom
Fuglenes Naturhistorie, N.C. Rom
De koldblodige Hvirveldyrs og lavere Dyrs Naturhistorie, N.C. Ro

Bókasafn lærisveins átti:
Stærsta uppdrátt Íslands, á keflum
Uppdrátt Evrópu, á keflum

Til verklegrar kennslu:

Á árunum 1880 til 1907 smíða nemendur skólans:

77 kerrur
115 plóga úr járni
97 herfi
109 hemla
281 aktygi á hesta
27 hjólbörur a.m.k.
16 jarðnafra
28 hestarekur

Nokkur hundruð undirristuspaðar.

Það er ekki að sjá af skólaskýrslum að skólinn eigi áhöld til verklegrar kennslu. Hins vegar er ljóst, af því sem smíðað var í skólanum, að góðar smiðjur hafa verið í Ólafsdal, bæði járnsmiðja og trésmiðja. Í skýrslu sem bændurnir Eggert Jónsson á Kleifum og Magnús Jónsson í Tjaldanesi gerðu 27. september 1879 segir m.a.:

"Torfi hefir ... útvegað sér allmikið af stórsmíðatólum, svo sem ambolta, skrúfstykki, borunarvél, skrúfunartól og fleira, til þess að geta smíðað ýmis jarðyrkjuverkfæri ..."

Augljóst er einnig að skólinn hefur átt fullkominn útbúnað til hallamælinga og landmælinga og áhöld til teikninga.

Skólinn átti 2 smásjár. Stækkaði önnur 90 sinnum en hin 225 sinnum.

Kvennaskólinn á Blönduósi

Haustið 1877 hóf Kvennaskóli að Ási í Hegranesi í Skagafirði störf. Helstu hvatamenn að stofnun hans voru Eggert Briem sýslumaður á Reynisstað, kona hans Ingibjörg Eiríksdóttir og dóttir þeirra, Elin. Skólinn var aðeins einn vetur að Ási. Næstu tvö ár var skólinn að Hjaltastöðum í Blönduhlíð og veitti Elin Briem honum þá forstöðu. Síðan var skólinn haldinn að Flugumýri í tvo vetur. Skagfirðingar ráku engan Kvennaskóla veturinn 1882-1883, en stofnuðu þá ásamt húnvetningum Kvennaskóla að Ytri-Ey.

Húnvetningar stofnuðu Kvennaskóla haustið 1879 að Undirfelli hjá sr. Hjörleifi Einarssyni. Skólinn starfaði að þar í eitt ár og síðan í tvö ár að Lækjamóti í Víðidal. Eftir það starfaði skólinn eitt ár að Hofi í Vatnsdal.

Á árinu 1883 sameinuðust Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur um rekstur Kvennaskóla að Ytri-Ey. Þar starfaði skólinn til ársins 1901 að hann var fluttur til Blöndóss. Elin Briem varð fyrsta forstöðukona skólans í Ytri-Ey og er hún talin hafa mótað starf hans að verulegu leyti. Til marks um það hver orstír skólans var, má minnst eftirfarandi vísu, sem er upphafserindi í kvæði ónefnds skagfirðings til móður sinnar:

Mamma braust til mennta og fór að Ytri-Ey,
til Elínar Briem og gerðist þar um vetur tvo námsmey,
þess veganestis naut hún jafnan síðan.

Þegar skólahald hófst að Undirfelli var samin skipulagsskrá og reglugerð fyrir skólastarfið. Voru þær samþykktar á sýslufundi 1880. Var hvorttveggja endurskoðað við skólastofnunina 1883 og ný reglugerð og

skipulagsskrá samþykkt 1884 á sýslufundum. Skólinn á Blönduósi fékk síðan sína eigin reglugerð 1912. Allar munu reglugerðir þessar glataðar.

Fyrir 1883 voru skólarnir í Skagafirði og Húnavatnssýslu haldnir í heimahúsum. Með stofnun skólans í Ytri-Ey eignast skólinn eigið húsnæði. Það var timburhús, byggt árið 1849, 11x15 álnir að flatarmáli, hæð og hátt ris. Áfast við húsið var geymsluskúr, 6x9 álnir að flatarmáli. Var hann þiljaður og honum breytt í borðsal 1889. Árið 1890 var skólahúsið lengt um 6 álnir.

Á Blönduósi var byggt timburhús yfir skólann árið 1901. Það var kjallari, hæð og rúmgott ris. Húsið var töluvert portbyggt og á því var a.m.k. 1 kvistur. Það brann árið 1911 og fórust í þeim bruna reikningar og prófbækur skólans.

Markmið skólans

Fullyrða má, að Kvennaskólinn á Ytri-Ey og á Blönduósi var að verulegu leyti sniðinn eftir Kvennaskólanum í Reykjavík. Þannig veitti hann fyrst og fremst almenna gagnfræðamenntun og verkmenntun í hannyrðum.

Inntökuskilyrði

Kvennaskóli Húnavetninga að Undirfelli setti það skilyrði, að umsækjendur um skólavist væru fermdir. Engar heimildir eru til um inntökuskilyrði Kvennaskólans í Ytri-Ey og á Blönduósi á því tímabili sem hér um ræðir. Vafalítið hefur skólinn þó krafist fermingar og þeirrar þekkingar sem hún gaf.

Gert hefur verið ráð fyrir því að umsækjendur væru stúlkur, eins og nafn skólans bendir til.

Lengd námsins, fjöldi kennslustunda

Kvennaskólinn í Skagafirði og Kvennaskóli Húnavetninga að Undirfelli voru byggðir upp með svipuðum hætti. Um var að ræða 8 til 10 vikna námskeið og voru 3 haldin á vetri hverjum. Gert var ráð fyrir því að hver námsmær sækti aðeins eitt námskeið. Með skólastofnuninni að Ytri-Ey verður sú breyting á að námskeiðin verða tvö á vetri hverjum og verður hið síðara í framhaldi af hinu fyrra. Fljótlega verður skólinn tveggja ára skóli og árið 1895 var hægt að bæta við þriðja árinu, í handavinnudeild og með aukanámsgreinum. Skólinn var settur 1. október og stóð til 14. maí. Ljóst er af frásögn í "Kvennaskóli Húnavetninga 1879-1939", bls. 39-40 að 4 til 5 klukkustundum hefur verið varið til bóknáms á degi hverjum og að minnsta kosti 4 til verklegs náms.

Á Blönduósi var kennslufyrirkomulagið svipað og í Ytri-Ey, en skólinn varð þriggja ára skóli.

Námsgreinar

Í Kvennaskólanum í Skagafirði og í Kvennaskóla Húnavetninga að Undirfelli voru eftirfarandi bóklegar kennslugreinar:

skrift,
réttritun,
reikningur,
danska og
landafræði

Verklegar námsgreinar voru:

fatasaumur,
útsaumur,
þvottur,

tílsögn í matreiðslu

Einnig var kennt að hekla og knipla í Skagafirði og söngur var kenndur að Undirfelli.

Í skólanum í Ytri-Ey voru auk framangreindra námsgreina kenndar:

Íslensk málfræði,
Íslandssaga,
heilsufræði,
mannkynssaga,
náttúrusaga,
teikning og
kennslufræði.

Auk þess áttu nemendur kost á valgreinum, sem voru:

teikning,
söngfræði,
orgelspil og
enska.

Eftir að skólinn var kominn til Blönduóss féll niður kennsla í kennslufræði, ensku og orgelspili..

Námsbækur

Eftirfarandi samantekt um námsbækur er fenginn úr bókinni "Kvennaskóli Húnavetninga 1879-1939", útg. 1939, bls. 36-37. Þar segir að þessar bækur hafi verið notaðar í Ytri-Ey, "... einkum framan af ..."

Skrift:

Útlend forskriftarblöð. (Var sú skrift kölluð koparstunga).

Íslenska:

Ritreglur Valdimars Ásmundssonar

Danska:

Lestrarbók eftir Steingrím Thorsteinsson

Börneven eftir Hjort

Enska:

Kennslubók Jóns A. Hjaltalíns, skólastjóra

Nelsons Royal Readers

Reikningur:

Reikningsbók eftir Eirík Briem

Saga:

Ágrip af Íslandssögu eftir Þorkel Bjarnason

Ágrip af mannkynssögu eftir Pál Melsteð

Náttúrufræði:

Ágrip af náttúrufræði eftir Pál Jónsson

Fyrirlestrar Elínar Briem um heilsufræði og
grasafræði

Landafræði:

Landafræði eftir E. Erslevs

Kvennafræðarinn eftir Elínu Briem var mikið lesinn í skólanum.

Kennslutæki

Í Kvennaskóla Húnavetninga að Undirfelli áttu námsmeyjar að leggja sér til ritföng og annað sem með þurfti til kennslunnar. Þær lögðu sér til rúmfatnað.

Þar sem ekki eru til neinar skólaskýrslur og reikningar skólanna brunu 1911, er mjög lítið vitað um kennslugögn í skólunum. Í endurminningum gamalla nemenda skólans kemur þó fram að skólinn í Ytri-Ey átti orgel, útlend jurtamyndasöfn og lítið safn af þurrkuðum íslenskum jurtum.

Á bls. 38 í "Kvennaskóli Húnavetninga 1879-1939" segir að árið 1895 hafi skólinn átt 238 bindi bóka. Voru það bæði innlendar og erlendar bækur. Bókasafn þetta var metið á 481,77 krónur.

Kvennaskólinn á Laugalandi

Kvennaskóli starfaði á Syðra-Laugalandi í Eyjafirði á árunum 1877 til 1896. Síðan starfaði hann á Akureyri í tíu ár. Þá var hann lagður niður.

Aðdragandinn að stofnun kvennaskóla og rekstri hans í Eyjafirði var á ýmsan hátt hinn sami og að stofnun gagnfræðaskóla á Möðruvöllum. Á árunum 1875, 1876 og 1877 var fé safnað í svokallaðan kvennaskólasjóð og leitað eftir fjárstuðningi frá alþingi. Eitthvað virðist fjársöfnunin hafa gengið hægt. Einnig að fá jörð undir skólann og húsnæði. Eggert Gunnarsson, helsti hvatamaður að stofnun skólans, brá því á það ráð að byggja við hús Kristjönu systur sinnar á Syðra-Laugalandi. Hús þetta hafði verið flutt frá Skjaldarvík árið áður og segir Benjamín Kristjánsson í sögu Kvennaskólans að það hafi verið 12 álna langt, tver hæðir og með torfpaki. Viðbygging Eggerts stækkaði húsið um helming.

Í þessu húsi var skólinn síðan settur haustið 1877. U.þ.b. 20 ungmeyjar hófu nám og störf. Skólinn starfaði eftir reglugerð sem Eggert Gunnarsson og Einar Ásmundsson sömdu.

Árið 1879 byggði Eggert aftur við húsið og stækkaði það þá um þriðjung. 20 til 30 stúlkur var þá talinn hæfilegur nemendafjöldi í skólanum. Sama ár lét Eggert einnig reisa þvottahús við laugina á staðnum. Þvottahúsið fauk síðan af grunni veturinn 1891-1892, en var hróflað upp aftur. Við þennan húsakost sat öll árin sem skólinn starfaði á Laugalandi. Á Akureyri var skólinn í leiguhúsnæði, lengst af í húsi Snorra Jónssonar, kaupmanns, við Strandgötu.

Forstöðukona að Laugalandi var Valgerður Þorsteinsdóttir. Á Akureyri var Ingibjörg Torfadóttir lengst af forstöðukona.

Fyrstu þrjú árin var skólinn í einkaeign og rekinn á kostnað Eggerts Gunnarssonar. Naut skólinn þó opinberra

styrkja. Árið 1880 keypti Eyjafjarðarsýsla skólahúsið og var hann undir stjórn hennar eftir það, og undir yfirstjórn amtsráðsins í norðuramtinu. Með þeim breytingum er skólanum sett ný reglugerð, en "lítil breyting mun hafa orðið á skólanum". (Saga Íslendinga, 9:2, Magnús Jónsson, bls. 140).

Markmið skólans

Ekki virðast nokkurs staðar tilgreind skriflega markmið skólastarfsins. Á almennum fundi sem haldinn var að Grund í Eyjafirði seint í janúar 1875 var samþykkt ályktun sem segir frá í Norlingi (I., bls. 161). Samkvæmt henni hefur vakað fyrir eyfirðingum að veita konum tilsögn í því "... sem konur eiga og þurfa að kunna ...". (Kvennaskólinn á Laugalandi, Benjamín Kristjánsson, bls. 6).

Inntökuskilyrði

Það er ekki hægt að fullyrða neitt um þau þar sem Benjamín Kristjánsson segir ekkert um þau í bók sinni. Þó er ljóst að skólinn var aðeins fyrir stúlkur.

Lengd námsins, fjöldi kennslustunda

Gert var ráð fyrir því að nám við skólann tæki tvö ár. Fjölmargar námsmeyjar voru hins vegar aðeins fyrra árið. Skólinn starfaði frá 1. október til 14. maí. Þremur klukkustundum var varið til kennslunnar á degi hverjum og einni til tveimur til undirbúnings. Verklega námið stóð hins vegar yfir 7 klukkustundir á hverjum degi.

Námsgreinar

Samkvæmt reglugerð skólans frá árinu 1877 átti að kenna eftirfarandi námsgreinar í bóklegu:

skrift;
reikning;
réttritun;
dönsku;
landáfræði og
sögu.

Verklegar greinar voru eftirfarandi:

fatasaumur;
útsaumur;
tóvinna;
matreiðsla og
þvottur.

Benjamín Kristjánsson fullyrðir í sögu skólans að söngur hafi einnig verið kenndur öll ár hans og söngfræði stundum. Einstöku stúlkur eiga líka að hafa lært orgelleik við skólann og sömuleiðis ensku. Ekki er ósennilegt að kennsla í þessum aukagreinum hafi fallið niður þegar skólinn fluttist til Akureyrar, nema e.t.v í söng.

Námsbækur

Eftirfarandi upplýsingar um námsbækur er að finna í Austra, 20. ágúst 1891 (hér tekið úr bókinni Kvinnaskólinn á Laugalandi, Benj. Kr., bls 47-49), en þar birtist kynningargrein um skólann.

Skrift:

Forskrifter eftir Luise Stremme.
Fallegar íslenskar forskriftir.

Íslenska:

Ritreglur eftir Valdimar Ásmundsson.
Málmyndaálysing eftir H. Kr. Friðriksson.

Reikningur:

Reikningsbók eftir P. Thoroddsen
Reikningsbók eftir Eirik Briem.

Danska:

Kennslubók í dönsku eftir Jón Þórarinnsson og
Jóhannes Sigfússon.
Dansk Börneven eftir P. Hjort.

Landafraði:

Landafraði eftir Benedikt Gröndal
Lýsing Íslands eftir Þorvald Thoroddsen
Landafraði eftir Halldór Kr. Friðriksson
Ágrip af Landfraði eftir J. S.

Saga:

Hin stærri veraldarsaga eftir Pál Melsteð
Ágrip af mannkynsögu eftir Pál Melsteð
Ágrip af Íslandssögu eftir Þorkel Bjarnason

Enska:

Ensk lestrarbók eftir J. A. Hjaltalín.
Enskunámsbók eftir H. Briem.
Royal reader
Tales of a Grandfather eftir W. Scott

Heilsufræði:

Sundhedslære eftir Edvald Johnsens og Dr. P.
Niemeyer.
Barnfóstran eftir dr. Jónassen.
Hjálp í viðlögum.
Sygepassningen eftir Florence Nightingale

Söngfræði:

Stafróf söngfræðinnar eftir Björn Kristjánsson I - II.

Söngkennslubækur eftir J. H. Bergreen, Bellmann og Sanne.

Ýmsar þýskar söngbækur.

Orgelspil:

Harmonium Spiel eftir E. Stapf

Kennslutæki

Vegna skorts á skólaskýrslum er nú lítið hægt að segja með vissu hvaða kennslutæki skólinn hefur átt.

Lítið er vitað um bókakaup skólans, en Benjamin Kristjánsson segir í bók sinni að skólanum hafi borist nokkrar bókagjafir. Meðal annars gaf Hið Íslenska Bókmenntafélag skólanum 74 bindi af útgáfuefni sínu, ásamt uppdrætti Íslands. Skólinn eignaðist einnig 50 til 60 titla af erlendum bókum (á dönsku og ensku) og voru það bæði fræðirit og skáldsögur. Skólinn fékk tímaritin "Dame tidende" og Nordiske mønstertidende", en ekki er ljóst hvort hann keypti áskrift af þeim.

Ljóst er að námsmeyjar hafa haft aðgang að orgeli meðan skólinn starfaði á Laugalandi.

Síðasta veturinn sem skólinn starfaði á Laugalandi voru ofnir nokkrir dúkar og aðrir munir svo ljóst er að skólinn hefur átt vefstól. Hvergi er getið um það hvað skólinn átti af verkfærum til handavinnukennslu. Búast má við því, að hann hafi átt helstu smáverkfæri sem þarf til þess að sauma, þrjúna, hekla og vinna band.

Kvennaskólinn í Reykjavík

Kvennaskólinn í Reykjavík hóf starfsemi sína haustið 1874. Helstu hvatamenn að stofnun hans voru hjónin Páll Melsteð, sagnfræðingur og kona hans, Þóra Grímsdóttir Melsteð. Þau hjónin lögðu heimili sitt undir skólann og tóku að sér mestalla bóklega kennslu við hann á upphafsárum hans. Þóra varð fyrsti skólastjóri skólans.

Skólinn veitti konum nokkurs konar "alpýðumenntun", eða almenna menntun. Að verulegum hluta var um verklegt nám að ræða og virðist það að ýmsu leyti hafa fallið betur að aldarandanum en bóklegt nám. Bókleg kennsla var samt töluverð við skólann, sérstaklega eftir að fyrsta námsárinu sleppti.

Áður en skólinn tók til starfa hafði starfað nefnd til undirbúnings skólastofnuninni. Vann hún ekki hvað síst að fjársöfnun. Skólanefndin rak síðan skólann. Kvennaskólinn í Reykjavík var einkaskóli á því tímabili sem hér um ræðir. Hann naut þó opinberra styrkja frá árinu 1878.

Skólinn starfaði á árunum 1874 til 1878 í timburhúsi að Austurvelli 6. Húsið var 10 x 15.6 álnir að flatarmáli, kjallari, hæð og hátt ris. Árið 1878 til 1909 starfaði skólinn enn að Austurvelli 6, en hið eldra hús hafði verið rífið og stærra reist í þess stað. Húsið var tvær hæðir og kjallari og 14 x 22 álnir að flatarmáli.

Bæði þessi hús voru auk þess að vera skólahús, heimili Þóru Melsteðs og Páls Melsteðs og fjölskyldu þeirra hjóna.

Markmið skólans

Í Ávarpi til Íslendinga, sem semþykkt var á fjölmennum fundi í húsi Melsteðhjónanna 12. mars 1871 og átti að senda "út um landið" segir að stofnsetja þurfi skóla þannig að stúlkur

"... hjer í landi geti öðlast alla þá menntun til munns og handa, sem þrýðir konur og sémir þeim, og gjörir þær hæfar til fagurrar og heillaríkrar starfsemi á heimilum þeirra, einkum sem húsmæður."

Nánari útlitun í sama ávarpi var:

"Að innræta þeim í öllum greinum reglusemi, áreiðanlegleika, þrifnað og skynsamlega sparneytni".

Einnig að:

"... efla hjá hinum ungu gott hugarfar og siðsamlega hegðun ..." með því að "... guðs orð sje haft um hönd ..."

Ekki virðast skrifaðar heimildir um önnur markmið en þau sem hér greinir fyrir það tímabil sem hér er til umræðu.

Inntökuskilyrði

Til að fá inngöngu í skólann þurftu stúlkur að vera fermdar. Auk þess var haldið inntökupróf á haustin fyrir þær stúlkur sem ekki höfðu gengið í skóla áður.

Lengd námsins, fjöldi kennslustunda

Til að byrja með var 1 árs nám í skólanum. Það battist annað námsár við haustið 1878 og hið þriðja

1888. Árið 1898 verður skólinn síðan fjögurra ára skóli.

Eftir því sem skólinn varð lengri jókst bóknám við hann. Fyrsta árið var fyrst og fremst kenndur klæðasaumur o.p.h. en í fjórða bekk, þ.e. eftir 1898 var bóknám nálega einvörðungu. Samkvæmt Páli Melsteð í "Kvennaskólinn í Reykjavík 1874 - 1907" var skipting milli námsgreina eftirfarandi skólaárið 1891 til 1892:

Í bóklaugum greinum:

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur
Skrift	2 stundir	2 stundir	2 stundir
Íslenska	4 -	4 -	4 -
Danska		2 -	2 -
Enska			2 -
Reikningur	3 -	4 -	2 -
Saga			2 -
Landafræði			2 -
Náttúrusaga			2 -
Söngfræði	1 stund	1 stund	1 stund
Alls	10 stundir	13 stundir	19 stundir

Í verklegum greinum:

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur
Lérefntasaumur	7 stundir	6 stundir	5 stundir
Skattering	4 -	4 -	4 -
Klæðasaumur	13 -	11 -	
Krosssaumur			1 stund
Hvít bróðerí			2 stundir
Baldýring			2 -
Hekling			1 stund
Söngur	2 stund	2 stund	2 -
Alls:	26 stundir	23 stundir	17 stundir

Skólaasetning var 1. október ár hvert og skólaslit 14. maí.

Námsmeyjar sóttu kennslustundir frá 9:00 til 15:00 á hverjum virkum degi, eða 36 stundir á viku.

Heimavist var rekin í tengslum við skólann árin 1878 til 1888. Stúlkur á heimavist þurftu að inna af hendi hússtörf, viku í senn hver og ekki tíðar en fjórðu hverju viku.

Frá 1905 var boðið uppá námskeið í hússtjórnarfræðum. Tvö slík námskeið voru á ári hverju og stóð hið fyrra frá október til janúar og hið síðara frá febrúar til maí. Námsmeyjar í hússtjórnarfræðum sinntu almennum heimilisstörfum í skólanum (bakstri, matargerð, hreingerningu) og fengu örlitla bóklega tilsögn að auki.

Árið 1902 var sett á stofn við skólann vefnaðardeild. Þar var sérstök áhersla lögð á listvefnað, flosvefnað, glitvefnað, gamlan íslenskan vefnað og "almennan" vefnað. Ekki er ljóst í hvaða samhengi hún var við skólastarfið.

Námsgreinar

Hinn 25. apríl 1874 skilaði álitni þriggja manna nefnd hér í Reykjavík, en hún átti að gera tillögur um það hvernig skólastarfi í áformuðum kvennaskóla yrði hagað. Hafði skólanefnd Kvennaskólans falið þriggja manna nefndinni þetta verk. Álitsgjörðin var á þá lund að kenna skyldi í bóklegum greinum:

"... skrift, íslensku, reikning og dönsku ..."
"Kvennaskólinn í Reykjavík
1874-1906", P. Briem, bls. 10.

Auk áður nefndra námsgreina var frá upphafi kennd saga og landafræði við skólann. Frá 1876 var söngur og söngfræði kennd við skólann. Árið 1888 battust enska og

náttúrusaga við sem námsgreinar í þriðja bekk. Frá 1891 voru svo heilbrigðisfræði, teikning og leikfimi fastar kennslugreinar.

Í verklegum greinum skyldi kenna, skv. álitsgjörðinni frá 1874:

"... kvenlegar hannyrðir ..."

"Kvennaskólinn í Reykjavík, P.
Briem, bls. 10

Skólanefndin hefur síðan ákvarðað þetta nánar og kennsla fór fram í:

léreftasaum;

klæðasaum;

skatteringu;

krosssaum;

baldýringu;

hvítu bróðerfi;

hekling og vafalítið fleiri greinum saumaskapar og prjónaskap.

Hins vegar var matseld, bakstur og þrif ekki á stundatöflu skólans, en námsmeyjar virðast hafa átt að skipta með sér að sjá um þessa málaflokka í skólanum. Þrifnaður og sparsemi voru aðalreglur við þessi störf og í skólanum öllum auk þess: árvekni, reglusemi og siðsemi.

Námsbækur

Lítið er vitað um námsbækur kenndar við Kvennaskólann á þeim tíma sem hér er til umfjöllunar. Í skýrslum sínum til amtsráðsins í suðuramtinu gerir Þóra Melsteð ekki grein fyrir kennslubókum, nema einni og einni bók. Breyting verður á þessu 1907 þegar Ingibjörg H. Bjarnason verður skólastýra og færir skýrslurnar. Fyrstu skýrslur hennar eru glataðar, en til frá 1911, þegar farið var að prenta þar. Hér fer á eftir skrá yfir

þær námsbækur sem Þóra minnst á í skýrslum sínum.

Íslenska:

Engin námsbók virðist viðhöfð, en mest áhersla lögð á rétt mál, m.a. með því að nemendur snúi dönskum texta á lýtalausa íslensku.

Danska:

Dansk Börneven eftir Hjort
Lestrarbók eftir Steingrím Thorsteinsson

Reikningur:

Reikningsbók eftir Eirík Briem

Landafraði:

Ágrip af landafraði eftir Erslev

Söngfraði:

Söngfræðikver Jónasar Helgasonar

Saga:

Ágrip af Íslandssögu eftir Þorkel Bjarnason
Nýja sagan eftir Pál Melsteð
Miðaldasaga eftir Pál Melsteð
Íslandssaga eftir Pál Melsteð

Kennslutæki

Bókasafn var ekki stofnað við skólann fyrr en árið 1923. Í reikningum Þóru Melsteð í Þjóðminjasafni er að finna upplýsingar um að hún keypti bækur; 16 titla árið 1878 og 17 titla 1893. Hafi 16 eða 17 bækur verið keyptar árlega hefur bókaeign skólans verið hálf sjötta hundrað bækatitla árið 1907. Ekki er samt hægt að fullyrða neitt um það. Í skólaskýrslunum var ekki minnst á bókasafn. Í sögu skólans kemur fram hjá Aðalsteini Eiríkssyni að eitthvert slangur af bókum var til í

skólanum árið 1923 þegar bókasafnið var stofnað. Ekki er óeðlilegt að ætla að skólinn hafi fengið bókaagjafir, ekki síður en aðrir skólar sem störfuðu á þessum árum.

Upplýsingar um kennslutæki er einnig að finna í reikningum Þóru Melsteð í Þjóðskjalasafni. Aðrar heimildir höfum við ekki fundið. Sennilega er þarna um að ræða aðeins lítinn hluta þeirra kennslutækja sem skólinn keypti.

Mest öll tilskrif hennar voru á dönsku. Hér eru heiti kennslugagnanna höfð orðrétt eftir.

Náttúrufræðigögn:

- 1 kasse með naturhistoriske afbildninger
- 12 naturhistoriske kort over dyreriget
- 28 naturhistoriske kort með mappe
- Mappe með afbildninger, tilhörende sundhedslæren

Kennslugögn í landafræði:

- 1 telurium, sem sýnir gang tungls, jarðar og sólar
- 1 globus
- Íslandskort, meget gammelt
- Uppdráttur Íslands (dýrasta útgáfan)
- 1 lille evropakort
- 5 nye kort av de 5 verdensdele
- Geografiske anskuelse billeder

Annað:

- 12 fortegninger samt tegneklosser
- 3 regnetavler
- 1 nodetavle av træ
- 15 trykte nodetavler
- Gymnastikringe

Til verklegrar kennslu var til eftirfarandi:

- 2 store pressejern, samt nogle presseklösser
- 3 symaskiner

Þar sem vefnaðardeild starfaði í tengslum við skólann í nokkur ár frá 1902 verður að líta svo á að hann hafi átt vefstóla.

Skólinn átti hljómfagurt "harmoníum".

Lokaorð

Nokkrir aðilar hafa aðstoðað okkur við verkefni þetta.

Við höfum átt samtöl við eftirtalda menn: Matthías Eggertsson, ritstjóra Freys, Gísli Kristjánsson, frv. ritstjóra Freys, Guðmund Jónsson, frv. skólastjóra á Hvanneyri, Ásgeir Guðmundsson í Hafnarfirði, Aðalstein Eiríksson, skólastjóra Kvennaskólans í Reykjavík og Játvarð Jökul Júlíusson, fræðimann. Allir tóku þeir erindi okkar vel og veittu þar upplýsingar sem þeir höfðu yfir að ráða.

Líffræðingurinn Marfa Hildur Maack flokkaði fyrir okkur efnisatriði listans yfir líffræðisafn Menntaskólans í Reykjavík. Hún yfirfór einnig allar upplýsingar um gögn til náttúrufræðikennslu. Þökkum við henni fyrir góða sérfræðiaðstoð.

Reiknistofnun Háskólans hefur veitt okkur aðgang að Vax tölvu sinni og er ritgerðin unnin í ritvinnslukerfinu Skrif2. Er Reiknistofnun hérmeð þökkun aðstoðin.

Að lokum þökkum við Lýði Björnssyni fyrir leiðsögn hans.

Heimildarskrá

- Alþýðumenntun, Einar Hjörleifsson Kvaran, Tímarit hins íslenska bókmenntafélags, Rkv., 1901.
- Auglýsing um bráðabirgðareglugjörð fyrir hinn almenna menntaskóla í Reykjavík, Stjórnartíðindi, Rkv., 1904.
- Auglýsing um reglugjörð fyrir hinn lærða skóla, Kbh., 1877.
- Auglýsing um reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna menntaskóla, Stjórnartíðindi, Rkv., 1908.
- Bændaskólinn á Hvanneyri 90 ára, Guðmundur Jónsson, Rkv., 1979.
- Eiðasaga, Benedikt Gíslason, Ak., 1958.
- History of education in Iceland, George T. Trial, Cambrigde, 1945.
- Hólar í Hjaltadal, Gunnlaugur Björnsson, Rkv., 1937.
- Hólaskóli, 25 ára minningarrit, Hólamannafélagið, Ak., 1909.
- Hólastaður, Gunnlaugur Björnsson, Ak. 1957.
- Hvanneyrarskólinn 50 ára, Guðmundur jónsson, Rkv., 1939.
- Kennarablaðið, 1900.
- Kvennaskóli Húnavetninga 1879-1939, Rkv., 1939.
- Kvennaskólinn á Laugalandi, 1877-1896, Benjamin Kristjánson,
- Kvennaskólinn í Reykjavík 1874-1906, Rkv., 1907.
- Kvennaskólinn í Reykjavík 1874-1974, Guðrún P. Helgadóttir, Rkv., 1974.
- Kvennaskólinn í Reykjavík, skjöl í Þjóskjalasafni Íslands, E.47. (Úr einkasafni Þóru Melsteð og Páls Melsteð)
- Kvennaskólinn í Reykjavík 70 ára, Rkv., 1944.
- Latínuskólinn og leikfimin, Finnur Jónsson, Kbh., 1895.
- Menntaskólinn í Reykjavík 120 ára, Afmælisrit, Rkv., 1957.
- Menntunarástandið á Íslandi, Gestur Pálsson, Rkv., 1880.

- Minningar úr menntaskóla, Ármann Kristinnson og Friðrik Sigurbjörnsson, Rkv., 1946.
- Minningarrit Flensborgarskólans 1882-1932, Guðni Jónsson, Rkv., 1932.
- Minningarrit 50 ára afmælis Stýrimannaskólans í Reykjavík 1891 - 1941, Rkv., 1941.
- Náms- og kennsluaðbúnaður fram að fræðslulögum 1907, Aðalbjörg Benediktsdóttir og Kristbjörg Guðmundsdóttir, lokaritgerð við KHÍ, 1982.
- Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi, Gunnar M. Magnússon, Rkv., 1939.
- Norðlenskir skólar, Stefán Stefánsson, Ak., 1903.
- Saga Íslendinga, IX, 1 og 2, Magnús Jónsson, Rvk., 1957.
- Saga Menntaskólans á Akureyri, 1880-1980, 1b, Ak., 1981.
- Saga Reykjavíkurskóla 1b, Heimir Þorleifsson, Rkv., 1975.
- Skýrsla um fræðslu barna, Guðmundur Finnbogason, Rkv., 1905.
- Skýrslur um Búnaðarskóla Vesturamtsins í Ólafsdal, 1880-1897.
- Skýrslur um Búnaðarskólann á Hólum, 1887-1907, Ak. og Rkv., 1888-1907.
- Skýrslur um búnaðarskólann á Hvanneyri, 1898-1907, Rkv., 1898-1907.
- Skýrslur um Búnaðarskólann á Eiðum, 1888-1907.
- Skýrslur um Flensborgarskólann 1883-1884, 1894-1895, 1896-1907, Rkv., 1883-1907
- Skýrslur um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, 1880-1904, Ak., 1880-1904.
- Skýrslur um gagnfræðaskólann á Akureyri 1905-1907, Ak., 1905-1912.
- Skýrslur um iðnskólann í Reykjavík, 1904-1911, Rkv., 1904-1911.
- Skýrslur um hinn lærða skóla í Reykjavík, 1887-1907, Rkv., 1988-1907.
- Skýrslur um prestaskólann, 1897-1908
- Stutt yfirlit um skólamál á Íslandi 1874-1944, Helgi Elfsson, Rkv., 1945.

Tímarit um uppeldi og menntamál I-V, Rkv., 1888-1892.

Torfi Bjarnason - Aldarminning, Metúsalem Stefánsson,
Rkv., 1938.

Um kennslubækur í Ólafsdal, Landsbókasafn Íslands: Árbók
1979, Tómas Helgason, Rkv., 1980.

Um menningarskóla eða um lærða skólann í Reykjavík og
samband hinna lægri skóla við hann, Bogi Th. Melsteð,
Kbh., 1888.

Verzlunarskóli Íslands 50 ára, Rkv., 1955.